



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

21. nóvember 2011  
272. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

REST LESNA  
DAGLAÐ Á ÍSLANDI  
10  
ÁRA  
2001 - 2011

\*Samkvæmt reitmiðabólunum Cancer Cent Gallup apríl - júní 2011



## Ekki vantar verkefnið

Hrefna Sætran undirbýr matreiðslubók, sjónvarpsþætti og annast nýfæddan son sinn.

fólk 26

## Velferðarkerfið

Velferðarkerfið er fyrir okkur öll – meira að segja óvini sína, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

í dag 13




## Haukar lögðu HK-inga

Haukar gáfu ekkert eftir í toppbaráttu N1-deildar karla um helgina.

sport 20

## veðrið í dag



ALLHVASST V-TIL Í dag má búast við 10-18 m/s vestantil en hægari vindi annars staðar. Skúrir eða slydduéll S- og V-lands en úrkomulítið norðaustanlands. Kólnar heldur í veðri.

VEÐUR 4

**OSTA KUBBAR**  
NYJUNG  
HANDHEGUM  
UMBÜÐUM

**Gott Í MATINN**

# Þingvellir ofsetnir af köfunarfyrirtækjum

Sá tími er liðinn að köfunarfyrirtæki hafi óheftan aðgang að gjánni Silfru á Þingvöllum segir Þjóðgarðsvörður sem vinnur að því með fyrirtækjunum að skapa hinna sívaxandi starfsemi viðunandi umgjörð. Innheimta á aðstöðugjald.

**ÞINGVELLIR** Sprenging er orðin í aðsókn í köfun á Þingvöllum. Setja á fyrirtækjunum sem þar selja köfun starfsramma til að hindra að gjáinn Silfra verði hreinlega ofsetin af köfum.

„Við erum í góðu samstarfi við þessi fyrirtæki að skoða hvernig við getum gætt að því að þarna verði ekki stjórnláus fjölgun og hvernig þau geti selt þá vöru sem viðskiptavinir eru að kaupa,“ segir Ólafur Örn Haraldsson Þjóðgarðsvörður.

Meðal annars er rætt um að gera þurfi bílplan, koma upp salernis-aðstöðu og einhverju skjóli þar sem menn geti útbúið sig. Ólafur segir fyrirtækin sjálf búa að vel þjálfuðu starfsfólki og sinna mikilvægu hlutverki í ferðaþjónustu enda Silfra heimsfræg meðal kafara. Allir séu sammála um að starfsemi þurfi að

Þarna eru mjög viðkvæm, mosagróinn svæði allt í kring og álagið er gríðarlega mikið.

ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON  
ÞJÓÐGARÐSVÖRÐUR

búa við góð skilyrði en átroðningurinn sé hreinlega svo mikill að gróður sé orðinn traðkaður ofan í svörð. Því sé sá tími einfaldlega liðinn að köfunarfyrirtækin geti óheft gengið í Silfru.

„Þarna eru mjög viðkvæm, mosagróinn svæði allt í kring og álagið er gríðarlega mikið. Síðan eru bílarnir oft í vegkantinum á mjög þröngum vegi og það er alveg óviðunandi,“ segir Þjóðgarðsvörður. Málið var rætt á fundi Þing-

vallanefndar í september. Þar var ákveðið að Ólafur myndi halda áfram að undirbúa að settar verði reglur í samráði við köfunarfyrirtækin og Siglingastofnun um vottun og starfsleyfi fyrirtækjanna. Þá var samþykkt að köfunarfyrirtækin greiði gjald fyrir aðganginn og aðstöðuna og það notað til að tryggja öryggi og kosta framkvæmdir.

„Fyrirtækin koma þarna og nýta sér takmörkuð gæði og þurfa aðstöðu og við höfum ekki fé til að gera meira en við höfum gert,“ segir Ólafur sem rætt hefur við forsvarsmenn fyrirtækjanna um aðstöðugjaldið. „Það hefur ekki verið samþykkt en því hefur verið tekið af skilningi. Það er allra hagur að vel sé að þessum málið staðið.“



HEIÐAR HELGUSON Hann hefur skorað fimm mörk í jafn mörgum leikjum.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Heiðar gerir það gott: Fékk tækifærið og nýtti það vel

**FÓTBOLTI** Heiðar Helguson er einn heitasti framherji ensku úrvalsdeildarinnar um þessar mundir en hann skoraði tvö mörk í 3-2 sigri QPR á Stoke um helgina. Hann hefur nú skorað fimm mörk í jafn mörgum leikjum síðan hann fékk tækifæri í byrjunarliði QPR um miðjan októbermánuð.

„Ég varð að nýta tækifærið þegar það kom enda fær maður ekki marga sénsa í þessari deild,“ segir Heiðar við Fréttablaðið.

Þegar kemur að meðalfjölda marka í leik er Heiðar í sjötta sæti allra leikmanna í deildinni og skýtur þar með stórstjórnnum eins og Wayne Rooney, Rafael van der Vaart og Javier Hernandez ref fyrir rass.

- esá / sjá síðu 22 og 23



FORYSTAN ENDURKJÖRIN Bjarni Benediktsson hafði betur í baráttunni við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur um formannsstölinn í Sjálfstæðisflokknum á landsfundi flokksins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Sjálfstæðisflokknum mistókst að setta stríðandi fylkingar segir prófessor:

## Ekki tókst að leysa úr ágreiningi

**STJÓRN MÁL** Ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum virðist hafa átt að setta stríðandi fylkingar í flokknum en nær ekki að greiða úr ágreiningnum, segir Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðiprófessor.

Fundurinn samþykkti í gær að gera ætti hlé á aðildarviðræðum við Evrópusambandið og ekki hefja þær að nýju fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fundargestir höfnuðu tveimur breytingartillögum frá andstæðingum aðildar sem gerðu annars vegar ráð fyrir að umsókn um aðild að ESB yrði dregin til baka, en hins vegar að aðildarviðræðum yrði hætt.

Með því að hafna tillögunum tveimur sýndu

flokksmenn vilja til að setta fylkingu Evrópusinna innan flokksins og þá sem eru andvígir aðild, segir Gunnar Helgi.

„Hins vegar verður ofan á niðurstaða sem Evrópusinnar innan flokksins geta ekki verið mjög ánægðir með,“ segir Gunnar Helgi.

Bjarni vildi sem minnst gera úr klofningi innan flokksins í Evrópumálunum í gær og segist í samtali við Fréttablaðið ekki skynja annað en að almenn sátt ríki um þá tillögu sem var samþykkt.

„Tillagan var kynnt af þeim sem töluðu fyrir ólíkum sjónarmiðum í Evrópumálum sem mála-miðlunartillaga. Ég lít svo á að menn komi að þessu leyti mjög samhentir út af fundinum.“

- bj / sjá síðu 6

## Hörkusala á Kindle Fire: Búast við að ná 4 milljónum

**TÆKNI** Búist er við því að Kindle Fire frá Amazon muni seljast í fjórum milljónum eintaka í kringum hátíðarnar. Einum degi eftir að sala tækisins, sem hannað er fyrir lestur rafbóka, var tilkynnt höfðu sérfræðingar reiknað út að um 2,5 milljónir eintaka myndu seljast fyrir jólin. Nú hafa spár aukið sölulýkurnar um 1,5 milljónir eintaka.

Ástæða þess að viðskiptavinir velja Kindle Fire í stað iPad frá Apple er verðið, en sá síðarnefndi er um 200 Bandaríkjadólam dýrari.

Sala Amazon á rafbókum hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum, en í fyrra fóru rafbækurnar fram úr hinum hefðbundnu í sölu.

- sv

Jólabónus  
Icelandair  
American  
Express®

**2x fleiri  
Vildarpunktur**

Skráðu þig á **americanexpress.is** og fáðu tvöfalda Vildarpunkta af allri veltu fram til 15. desember!



# STALDRAÐU VIÐ SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ



## Stök námskeið á meistarastigi við deildir Háskóla Íslands

Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum í samstarfi við deildir Háskóla Íslands hefur fallið í góðan jarðveg og höfðar sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu.

**Umsóknarfrestur er í flestum tilfellum til 9. desember næstkomandi.**

### HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

- Forysta, kennsla og fræðsla
- Líknarmeðferð
- Sérhæfð sál-, félags- og lífeðlisfræði
- Viðbótarmeðferðir í hjúkrun

### HAGFRÆÐIDEILD

- Bankar og fjármálamarkaðir
- Hagrannsóknir í meistaranámi
- Heilsuhagfræði II
- Rekstrarhagfræði í meistaranámi II
- Skuldabréf
- Umhverfishagfræði
- Þjóðhagfræði í meistaranámi II
- Þættir í heilsuhagfræði

### GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

- Dauðinn og sorgin
- Dulúð og kristin íhugun
- Grunnnámskeið í verklegri sálgæslu
- Sálgreining og kristin trú
- Sálgæsla barna og unglinga
- Sálgæsla í fjölskyldum
- Sálgæsla og áfallahjálp - samfylgd í kjölfar áfalla
- Sálgæsla og tólf spora leiðin
- Sálgæsla og öldrun
- Siðfræðileg álitamál og sálgæsla við lífslok

### LÆKNADEILD

- General research methods, course for M.Sc. and Ph.D. students
- General statistice, course for M.Sc. and Ph.D. students

### UPPELDIS- OG MENNTUNARFRÆÐIDEILD

- Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum

### VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

- Alþjóðaviðskipti
- Breytingastjórnun
- Endurskoðun II-hluti
- Endurskoðun IV-hluti
- Fjárfestingar fyrirtækja
- Mat á árangri og framkvæmd stefnu
- Rannsóknir í markaðsfræði
- Rannsóknir í stjórnun og stefnumótun
- RV - Samstæðureikningsskil
- RVII - Reikningsskilakenningar
- RVIII - Virðisgreining fyrirtækja og hlutabréfa
- Samhæfð markaðssamskipti
- Samningagerð
- Skattskil II - fyrirtækjaskattaréttur
- Stefnumiðuð markaðsfærsla
- Stefnumiðuð stjórnun
- Stjórnsýsluendurskoðun
- Stjórnun nýsköpunar
- Tölvutækni í fjármálum
- Verkefnastjórnun og ráðgjöf
- Vinnuréttur
- Vinnusálfræði
- Þekkingarstjórnun
- Þróun mannaúðs

GENGIÐ 18.11.2011

GJALDMIÐLAR KAUP SALA

Bandaríkjadalur	117,32	117,88
Sterlingspund	185,69	186,59
Evra	158,55	159,43
Dönsk króna	21,308	21,432
Norsk króna	20,246	20,366
Sænsk króna	17,279	17,381
Japanskt jen	1,5283	1,5373

SDR 183,53 184,63

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 214,7139

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Reiði út í lögregluna: Beittu piparúða á friðsama mótmælendum

BANDARÍKIN Gríðarleg reiði er á meðal mótmælenda sem tengjast Occupy-mótmælunum eftir að lögreglan í Kaliforníu sprautaði piparúða á friðsama mótmælendum sem sátu á gangstétt á háskólalóð í Kaliforníuháskóla.

Myndband náðist af lögreglu-mönnum, en þar má sjá þegar einn þeirra sprautar eitruðu beint á sitjandi mótmælendurna án þess að þeir veiti lögreglunni viðnám.

Nú stúdentar fengu úðann yfir sig en mótmælin voru samstöðumótmæli vegna Occupy-mótmæla-anna á Wall Street. Hægt er að horfa á myndbandið á vef Daily Telegraph.

Leita til íbúa Stykkishólms: Áramótabrenna of nærri byggð

STYKKISHÓLMUR Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hvetur íbúa bæjarins til að koma með hugmyndir að nýrri staðsetningu fyrir áramótabrennuna í ár. Vegna tilmæla slökkviliðsins verður brennan færð af þeim stað sem hún hefur verið undanfarið ár þar sem hún þykir of nálægt byggð, að því er segir á vef Skessuhorns.

Þá hefur komið upp sú hugmynd að sleppa áramótabrennu, þar sem þátttaka hefur verið dræm síðastliðin ár og hafa í staðinn brennu á þrettándanum.

LEIÐRÉTT

Minnst fjórir karlar hafa lokið kennaranámi í heimilisfræðum en ekki einn eins og sagði í blaðinu á föstudag.

85 prósentu aukning á fimm árum í skráningu í borgaralega fermingu:

Yfir 200 fermast borgaralega

FERMINGAR Fjöldi ungmenna sem hafa skráð sig í borgaralega fermingu fyrir árið 2012 er kominn yfir 200 manns. Þetta er í fyrsta sinn sem fjöldi borgaralegra fermina fer yfir annað hundraðið en þátttaka í fermingarfræðslu Siðmenntar hefur aukist um 85 prósent á síðustu fimm árum.

Um 90 ungmenni völdu borgaralega fermingu árin 2003 til 2005, um 115 árin 2006 til 2009 og á síðasta ári 162 ungmenni. Skráningu í fermingarfræðslu Siðmenntar lýkur 30. nóvember svo enn gæti átt eftir að fjölga í hópnum.

„Við búumst við 210 til 220 skráningum“, segir Bjarni Jónsson, varaformaður Siðmenntar, og þakkar aukna þátttöku öflugra kynningarstarfi Siðmenntar úti á landi. Til að mynda sé 100 prósentu aukning milli ára á Norðurlandi.

„Jóhann Björnsson, heimspækningur og kennari, hefur átt veg og vanda af kynningarfundum þar sem tæpt er á málefnum sem eru nærri unglingum í dag, til dæmis siðfræði og jafnrétti. Svo spyrst þetta út. Unglingar hafa fleiri valkosti en áður.“ Sex athafnir verða haldnar árið



BORGARALEG FERMING Árið 2005 fór ein athöfn fram í Háskólabíói með 93 þátttakendum. Árið 2012 verða athafnirnar sex á fjórum stöðum á landinu.

2012, tvær í Reykjavík og tvær í Kópavogi, ein á Akureyri og ein á Selfossi þar sem sex fermast. - rat

Grunaður um ölvunarakstur:

Kastaðist út úr bíl eftir veltu

SLYS Ökumaður velti bifreið á Sæbrautinni í fyrrinótt. Fjórir farþegar voru í bílnum og kastaðist einn þeirra út. Þá þurfti að klippa annan út úr bílnum. Grunur leikur á að ökumaðurinn hafi verið ölvaður. Þá er talið að vatnsgelgur á götunni hafi einnig orðið til þess að maðurinn missti stjórn á bílnum.

Tveir voru fluttir á spítala með sjúkrabíl. Ekki er talið að meisl þeirra sé alvarleg.

Þá stöðvaði lögreglan fjóra ökumenn sem óku undir áhrifum vímuefna.

Mun fleiri andvana fædd börn en skráð hjá Hagstofu

Skráning Hagstofu Íslands sýnir mun lægri tíðni andvana fæddra barna en fæðingaskýrslur Landspítalans. Ástæðan er ólíkar skilgreiningar. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin notar tölur Hagstofunnar í samanburði.

HEILBRIGÐISMÁL Mun fleiri börn fæðast andvana hér á landi en segir í tölum Hagstofunnar. Séu tölur Fæðingaskrár Landspítalans um andvana fædd börn bornar saman við tölur Hagstofunnar, frá árunum 2002 til 2009, er tíðnin rúmum 40 prósentum hærrí í skýrslum LSH. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) sækir sínar tölur um andvana fædd börn til Hagstofunnar, en mælst er til þess að nýrri skilgreiningar séu notaðar en þær sem Hagstofan styðst við.

Landspítalinn notar margar mismunandi skilgreiningar, en meginflokkarnir eru tveir: andvana fætt barn eftir meira en 22 vikna meðgöngu og eftir 28 vikna meðgöngu.

Skilgreining Hagstofunnar er að andvana fædd börn eru þau sem koma í heiminn án lífsmarks eftir að minnsta kosti 28 vikna meðgöngu. Stytttri meðganga telst vera fósturlát. Stuðst hefur verið við sömu skilgreiningar síðan árið 1952.


Ragnheiður Bjarnadóttir, ritstjóri Fæðingaskrár, segir skráningaraðferð Hagstofunnar nauðsynlega til að bera Ísland saman við ólík samfélög og til þess að sjá þróunina hér á landi á milli ára.

„Frá árinu 1994 hefur Fæðingaskrá gefið upp tvenns konar tölur til að geta borið okkur saman við þá sem nota sama kerfi. En við verðum að halda okkur við hina líka,“ segir hún. „Sú aðferð er ekki úrelt, en hún er eldri. Það að miða við 22 vikur er hugsanlega betra vegna þeirra miklu framfara sem hafa orðið í nýburalækningum og



HAGSTOFA ÍSLANDS Hagstofan notar ekki sömu skilgreiningar um andvana fædd börn og LSH en rætt hefur verið um að endurskoða skilgreiningarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Andvana fædd börn



Það að miða við 22 vikur er hugsanlega betra vegna þeirra miklu framfara sem hafa orðið í nýburalækningum og lífslíkur barna sem fæðast fyrr eru orðnar meiri.

RAGNHEIÐUR BJARNADÓTTIR RITSTJÓRI FÆÐINGASKRÁR

Lífslíkur barna sem fæðast fyrr eru orðnar meiri.“

Guðjón Hauksson, umsjónarmaður mannfjöldaskráningar hjá Hagstofunni, segir það hafa verið til umræðu að undanförunu að taka upp skráningar andvana fæddra barna sem fæðast eftir 22 vikur, eins og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin mælist til. Guðjón tekur undir orð Ragnheiðar og segir tölurnar ekki sýna misræmi, heldur einungis mismunandi skilgreinda flokka.

„Annað sem gæti skýrt muninn eru þau örfáu tilfelli þegar móðirin er ekki skráð með búsetu hér á landi,“ útskýrir hann. „Það átti sér í lagi við þegar ameríski herinn var hér, svo eru ferðamenn og fólk sem er hér í stuttan tíma í atvinnuskyni. Þær skráningar fara ekki inn hjá okkur, heldur eru sendar frá spítalanum til heimalandis móðurinnar.“

Á síðustu árum hafa mörkin milli fósturláts og andvana fæðinga verið færð niður í 22 vikur í sumum löndum, en Ísland hefur ekki breytt sínum reglugerðum enn. sunna@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

**Soffía Sveinsdóttir**  
veður-fréttamaður

**BEST NA-TIL**  
Næstu daga ríkja suðlægjar áttir, horfur eru á tölulverðum vindi á köflum, einkum S- og SA-til. Það verður heldur vætusamt sunnan- og vestanlands og með kólnandi veðri má búast við slyddu og eljum, einkum á Vestfjörðum og inn til landsins.

Á MORGUN 10-15 m/s víðast hvar.

MÍÐVIKUDAGUR 5-10 m/s en hvassara S- og SA-til.

**HEIMURINN**

Alicante	17°
Basel	9°
Berlín	4°
Billund	5°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	10°
Gautaborg	6°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	22°
London	13°
Mallorca	19°
New York	11°
Orlando	26°
Ósló	2°
París	13°
San Francisco	14°
Stokkholmur	6°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

**15% AFSLÁTTUR**

**Nicorette Fruitmint**

15% afsláttur af öllum pakkningastærðum til 15. desember

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

Opíó mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Samtök lánþega standa fyrir fundi um  
úrræði í skuldamálum heimila og fyrirtækja

# Lausnirnar virka **ekki** hvað er til ráða?

Þau úrræði sem stjórnvöld hafa hingað til komið með  
til úrlausna á skuldavanda einstaklinga, heimila  
og fyrirtækja eru ekki að virka.

**Opinn fundur á Grand Hótel í kvöld kl: 20:00**

**Við viljum bætt skjaldborg!**

Og að þessu sinni um einstaklinga heimili og  
fyrirtæki. Þau úrræði sem stjórnvöld hafa  
hingað til komið með, eru ekki að virka.

Á fundinn mæta fulltrúar **millistétta**raula,  
atvinnurekenda, nema og Alþingis og verða  
eftirtaldir aðilar með framsögu:

**Agnes Arnardóttir** - Atvinnurekandi

**Karl Sigfússon** - Verkfræðingur (Millistétta)rauli)

**Eygló Harðardóttir** - Alþingismaður

**Guðlaugur Þór Þórðarson** - Alþingismaður

**Aðalsteinn Sigurðsson** - Laganemi

**Arnar Kristinsson** - Laganemi

Að lokinni framsögu verður opnað fyrir  
spurningar úr sal.

Fundarstjóri: **Guðmundur Andri Skúlason**.

Við hvetjum alla sem áhuga hafa á málefnum til að mæta. Aðgangur ókeypis.

Samtök Lánþega

Í krafti fjöldans getum við allt

Skipholti 50d // s: 512 1660 // lanthegar@lanthegar.is // www.lanthegar.is // www.facebook.com/samtok

## FRÉTTASKÝRING: Landsfundur Sjálfstæðisflokksins

# Ekki tókst að leysa úr Evrópumálunum

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins vill að gert verði hlé á aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Tvær tillögur harðlínnumanna í Evrópumálum voru felldar á fundinum. Niðurstaðan sýnir að stór hópur innan flokksins vill leita sátta, en gengur stutt í þá átt segir stjórnmaðlafræðingur.

Ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum virðist hafa verið ætlað að sætta stríðandi fylkingar, en nær ekki að greiða úr ágreiningnum, segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmaðlafræði við Háskóla Íslands.

Fundurinn samþykkti í gær tillögu málefnanefndar um utanríkismál, sem lagði til að gert yrði hlé á aðildarviðræðum við Evrópusambandið og þær ekki hafnar að nýju fyrr en þjóðin hefði samþykkt að halda viðræðum áfram í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Tveimur breytingartillögum um þessa tillögu var hafnað með talsvert afgerandi hætti á fundinum.

Í þeirri fyrri, sem lögð var fram af Tómasi Inga Ólrich, fyrrverandi ráðherra flokksins, var lagt til að umsókn um aðild Evrópusambandinu yrði dregin til baka. Sú breytingartillaga var raunar samþykkt með mjög naumum atkvæðumun, en eftir nokkurt þóf ákvað Sturla Bødvarsson, sem var fundarstjóri á landsfundinum, að láta greiða atkvæði um tillöguna skriflega og ógilti þar með fyrri atkvæðagreiðsluna.

Í síðari tillögunni, sem lögð var fram af Elliða Vignissyni, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum, var lagt til að viðræðum um aðild Evrópusambandinu yrði hætt, og að ekki yrði sótt um að nýju fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

## Harðlínutillögum hafnað

Breytingartillögurnar voru greinilega harðlínutillögur sem ekki náðu fram að ganga, segir Gunnar Helgi. Það að tillögunum var hafnað með afgerandi hætti sýni drjúgan stuðning innan flokksins við að leita



LANDSFUNDUR Bjarna Benediktssyni var vel fagnað á landsfundinum eftir að hann hafði verið endurkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

sátta milli Evrópusinna og þeirra sem séu harðastir í andstöðu sinni við aðild.

„Hins vegar verður ofan á niðurstaða sem Evrópusinnar innan flokksins geta ekki verið mjög ánægðir með,“ segir Gunnar Helgi.

Hann segir óljóst í sínum huga hver munurinn sé á því að gera hlé á viðræðum og að hætta þeim alfarið. Verði önnur hvor leiðin farin þurfi væntanlega að hefja viðræður að nýju, en það verði ekki gert frá upphafspunkti, heldur hljóti sú vinna sem þegar hafi verið unnin að nýtast.

„Með þessari niðurstöðu er landsfundurinn að skilja Evrópumálin eftir í sama

farvegi og þau hafa verið í innan flokksins. Ég skil þetta sem skilaboð til beggja arma að fara rólega, það sé ekki vilji til að kljúfa flokkinn um þetta mál,“ segir Gunnar Helgi.

Hann segir augljóst að töluverð átök hafi verið um Evrópumálin á fundinum, og eftir sem áður þurfi flokksforystan að burðast með þetta erfiða mál óleyst í farteskinu.

Bjarna Benediktssyni, formanni flokksins, bíður nú það erfiða verkefni að gæta þess að þetta málefni valdi flokknum sem minnstum skaða, segir Gunnar Helgi. Formaðurinn sé milli steins og sleggu í málinu. Ákveðin öfl í flokknum vilji mun harðari stefnu gegn Evrópusambandsaðild, en það

sé mikið hættuspil fyrir Bjarna að halla sér í þá átt þar sem það geti leitt til þess að flokkurinn klofni.

„Klókur stjórnmaðlafræðingur eins og Bjarni hlýtur að hugsa sig vel um áður en hann keyrir út á glannalega braut í þessum málum,“ segir Gunnar Helgi.

## Segir góða sátta um niðurstöðu

Sjálfur sagði Bjarni að stefnan sem fundurinn samþykkti sé í fullu samræmi við þá stefnu sem þingmenn flokksins hafi talað fyrir.

„Stefnan sem við höfum fylgt frá upphafi í þingflokki Sjálfstæðisflokksins er að það þyrfti að vera óvefengjanlegt lýðræðislegt umboð að baki aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Það hefur aldrei verið. Við kröfumst þess á þingi að það færi fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Afleiðingarnar af því að þeirri stefnu var ekki fylgt hafa verið að birtast þjóðinni í þeim vandræðagangi sem við blasir,“ sagði Bjarni í samtali við Fréttablaðið að landsfundi loknum.

Hann segir of mikið gert úr klofningi innan flokksins í Evrópumálunum og segist ekki skynja annað en að góð sátta sé um niðurstöðu landsfundarinnar. „Tillagan var kynnt af þeim sem töluðu fyrir ólíkum sjónarmiðum í Evrópumálum sem málemiðunartillaga. Ég lít svo á að menn komi að þessu leyti mjög samhentir út af fundinum.“

Ólöf Nordal, varaformaður flokksins, tekur í sama streng, og segir flokkinn fjarri því að klofna vegna málsins. „Sjálfstæðisflokkurinn er mjög skýr í þeirri afstöðu sinni að vilja ekki ganga í Evrópusambandið. Það er grundvallaratriðið sem þarf að halda til haga. Á fundinum vorum við að velta því fyrir okkur hvernig ætti að bregðast við þeirri stöðu sem er uppi gagnvart ríkisstjórninni.“

Brjann Jónsson

brjann@frettabladid.is



## Bjarni Benediktsson sigraði Hönnu Birnu í formannskjöri

Bjarni Benediktsson var í gær endurkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins. Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi flokksins, bauð sig fram gegn Bjarna. Bjarni hlaut 55 prósent atkvæða á landsfundinum, en Hanna Birna 43,6 prósent.

Ólöf Nordal var á fundinum endurkjörin varaformaður flokksins, með 80 prósent greiddra atkvæða.

„Ég er að sjálfsgöðu bæði stoltur og mjög þakklátur, hræður, yfir því að hafa fengið umboð til að halda mínu starfi áfram. Það er ekki hægt

að hugsa sér meiri heiður í stjórnárum en að vera treyst fyrir því ábyrgðarmikla hlutverki að leiða stærsta stjórnárum flokk landsins. Ég er afar þakklátur fyrir þann stuðning sem birtist mér í þessu kjöri,“ sagði Bjarni eftir landsfundinn.

Bjarni segir að flokkurinn hafi á engan hátt skaðast þótt



Í KASTLJÓSINU Fjölmíðlar fylgdust vel með formannskjöri í Sjálfstæðisflokknum.

tekist hafi verið á um embætti formanns. „Við sjálfstæðismenn kunnum að takast á, bæði um menn og málefni. Við látum þau átök aldrei yfirskyggja hugsjónir og vináttubönd. Við styrkjumst af slíku uppgjöri og átökum,“ segir Bjarni.

„Ég var með framboði mínu að svara mjög sterku ákalli meðal almennra flokksmanna. Nú liggur hins vegar fyrir að landsfundur flokksins var ekki reiðubúinn í þær breytingar. Ég tek þeirri niðurstöðu eins og hún liggur fyrir,“ sagði Hanna Birna í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Spurð hvort hún muni áfram gefa kost á sér til trúnaðarstarfa fyrir flokkinn segir Hanna Birna: „Ég er kjörin fulltrúi í Reykjavík og verð það áfram, en ég ætla ekki að taka neinar frekari ákvarðanir um framhaldið á þessu stigi.“

## „Einsdæmi í Íslandssögunni“

Geir H. Haarde, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi ríkisstjórnina harðlega fyrir að hafa beitt sér fyrir því að höfðað yrði mál á hendur honum fyrir landsdómi í ræðu sem hann flutti á landsfundi flokksins á laugardag.

„Landsdómsmálið er einsdæmi í Íslandssögunni enda hafa ákvæði um þennan dómstól legið ónotuð í lagasafninu frá 1905. Þótt oft hafi verið tekist hart á í íslenskum stjórnárum hafi engum dottið það í hug að reyna að gera upp í réttarsal pólitísk mál sem kjósendur eiga að útljá í lýðræðislegum kosningum. Að klæða pólitík í búning saka máls og krefjast þungra refsinga,“ sagði Geir.

Hann sagði sakarkostnað þegar hlaupa á tugum milljóna króna, og þá sé ótalinn kostnaður við dómstólinn sjálfan. Heildarkostnaður við málið verði að lágmarki 200 milljónir. Geir benti landsfundargestum á félag sem stofnað hafi verið til að standa straum af kostnaði hans við landsdómsmálið, og hvatti gesti til að kynna sér málið.



GEIR H. HAARDE

## Nýjustu heyrnartækin og ókeypis heyrnarmæling

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og kynntu þér nýjustu heyrnartækin sem við höfum að bjóða. Þú trúir örugglega ekki þínum eigin augum - hvað þá eyrum!

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin • Kringlunni  
Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



# MATREIÐSLUBÓK HAGKAUPS 2011 ER KOMIN ÚT!



Sólveig Eiríksdóttir

Þetta er 12. bókin í þessum vinsæla  
bókaflokki sem allir þurfa að eiga

Höfundur uppskrifta er Solla

*verði þér að góðu*



**2.499,-**

**HAGKAUP**  
*Ein ferð betra verð*



Á að koma á embætti umboðsmanns innflytjenda?

Já	32,5%
Nei	64,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að snæða rjúpur á næstu jólum?

Segðu þína skoðun á Vísis

visir

Ríkisendurskoðun hvetur velferðarráðuneyti til úrbóta varðandi ódýr lyf:

## Höfum ekki sama aðgang að lyfjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslenskir neytendur hafa ekki sama aðgang að ódýrum lyfjum og annars staðar á Norðurlöndunum þar sem framboð er meira. Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar er velferðarráðuneytið hvatt til að beita sér fyrir úrbótum á þessu sviði.

Fram kemur að vegna smæðar íslenska markaðarins sé dýrt og fyrirhafnarsamt að sækja um markaðsleyfi fyrir lyf og ágóðavon lyfjaframleiðenda sé minni hér en á stærri mörkuðum.

Athugun stofnunarinnar bendi hins vegar til þess að verð lyfja sem bæði fást hér og í hinum norrænu ríkjum sé sambærilegt. Lyfjagreiðslunefnd á meðal annars að sjá til þess að lyfjaverð

se að jafnaði sambærilegt hér á landi og í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Athugun Ríkisendurskoðunar bendir til þess að verð lyfja sé nú almennt sambærilegt hér og í þessum löndum en það var áður hærra hér.

Í skýrslunni segir einnig að á árunum 2008 til 2010 hafi stjórnvöld náð verulegum árangri í viðleitni sinni til að halda lyfjakostnaði í skefjum. Heildarkostnaður ríkisins vegna lyfjakaupa nam 17,9 milljörðum króna árið 2009 en hefði orðið 20,5 milljarðar króna ef sú mikla lækun sem varð á gengi krónunnar milli árána 2008 og 2009 hefði komið að fullu fram í verði á lyfjunum.



FRAMBOÐ Á LYFJUM Ríkisendurskoðun gagnrýnir stjórnvöld vegna lítils framboðs á ódýrum lyfjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

## Nýtt upphaf, uppgjör og óuppgerð vandamál

Málþingaröð Háskólans á Bifröst á Hverfisgötu 4-6, fimmtu hæð.

Í dag, 21. nóvember kl. 12.00: **Pingræði í ljósi sögunnar**

Helgi Skúli Kjartansson og Þorsteinn Magnússon ræða um bókina Pingræði á Íslandi: samtíð og saga. Boðið er upp á kaffi og líflégar umræður.

Næsta málþing

28. nóv.

Félagslegur ójöfnuður og efnahagslegt réttlæti.

www.bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

## Skagamaður ákærður: Sló húsráðanda með málm skefti

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Brotapolinn mætti fyrir dóm og dró kærana til baka. Málið verður þó rekið áfram hvað varðar líkamsárásina.

Ákærða er gefið að sök að hafa ráðist á mann á heimili hans á Akranesi. Árásarmaðurinn sló hinn í höfuðið með málm skefti, sem vó rúmlega hálf kíló. Hann ætlaði að hafa högginn fleiri, að því er segir í ákæru.

Fórnlambið hlaut um sjö sentimetra langan skurð á höfði. Maðurinn komst inn í íbúðina í gegnum brotinn glugga. Hann kom síðan að fórnarlambinu sofandi.

Árásarmaðurinn var handtekinn og færður í fangageymslur lögreglunnar, en hann var í annarlegu ástandi að því er lögregla tjáði fjölmíðlum. Talið er að mennirnir þekktist lítillega. Ákærði neitar sök.

- jss

SÚÐAVÍK

Skólahald í 120 ár

Því var fagnað um helgina að 120 ár eru um þessar mundir liðin frá því að skólahald hófst á Súðavík. Reglulegt skólahald hófst þar árið 1891 þegar Gamli skólinn var byggður og var fyrsti skólastjórinn hans Friðrik Guðjónsson.



HALDA TORGINU Mótmaendur hlúa að konu sem fékk yfir sig tárags á Frelsistorginu í Kaíró í gær. Í það minnsta fimm þúsund mótmælendur héldu í gær að torginu þrátt fyrir tilraunir óeirðalögreglu til að koma þeim í burtu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Mótmælendur vilja herinn frá völdum

Þúsundir mótmælenda börðust við óeirðalögreglu á götum Kaíró um helgina. Fimm eru fallnir. Vilja að herinn sleppi valdataumunum í mars á næsta ári. Pingkosningar hefjast í Egyptalandi eftir viku.

**EGYPTALAND, AP** Óeirðalögreglu og mótmælendum laust saman á Frelsistorginu í Kaíró í Egyptalandi í gær, annan daginn í röð. Mótmælendur hentu grjóti að lögreglu, sem svaraði með táragsprengjum og gúmmíkúlum.

Þúsundir mótmælenda komu sér fyrir á torginu um helgina til að mótmæla því hversu hægt gengur að koma á úrbótum í lýðræðisátt í landinu. Þá segjast talsmenn þeirra ósáttir við það sem þeir kölluðu tilraunir herstjórnarinnar í landinu til að auka völd sín á kostnað lýðræðislegra kjörinna stjórnvalda.

Frá því að Hosní Múbarak hrökklaðist úr embætti forseta landsins í febrúar síðastliðnum hefur fyrrum varnarmálaráðherra hans, Hussein Tantawi, haldið um valdataumana. Í dag er vika í að fyrstu frjálsu pingkosningarnar í landinu eftir brotthvarf Múbaraks hefjist, en þær eiga að standa yfir í þrjá mánuði.

Í það minnsta fimm eru sagðir fallnir í mótmælunum um helgina, og hundruð hafa særst.

„Við höfum bara eina kröfu. Hún er sú að sitjandi forseti stígi til hliðar og við taki stjórn ótengd hernum,“ sagði Ahmed Hani, einn mótmælenda.

Óstaðfestar fréttir herma að í það minnsta 55 hafi verið handteknir af lögreglu um helgina.

Læknar hafa komið upp tveimur

Við höfum bara eina kröfu. Hún er sú að sitjandi forseti stígi til hliðar og við taki stjórn ótengd hernum.

AHMED HANI  
MÓTMÆLANDI Á FRELSISTORGINU

sjúkaskýlum á torginu og höfðu um miðjan dag í gær tekið á móti um 700 mótmælendum. Flestir áttu erfitt með andardrátt vegna táragsprengjanna, en aðrir höfðu fengið í sig gúmmíkúlur.

„Lögreglan er að miða á höfuðið á fólkinu, ekki lærin eins og þeir gera venjulega,“ segir Alaa Mohammed, einn læknanna.

Eftir að Múbarak hrökklaðist frá tók herinn við stjórn landsins. Stjórnendur hans hafa heitið því að vika til hliðar þegar lýðræðislegar forsetakosningar hafa farið fram í landinu, en enn hefur ekki verið ákveðið hvenær þær eigi að fara fram.

Yfirstjórn hersins hefur rætt um að halda forsetakosningar seint á næsta ári, eða í byrjun árs 2013. Það þykir þeim sem mótmæltu á Frelsistorginu í gær allt of seint. Mótmælendur vilja að herinn sleppi valdataumunum í mars á næsta ári, eftir að úrslit úr pingkosningunum hafa verið gerð opinber.

brjann@frettabladid.is

## Upplýsingavefur um loftlínur og jarðstrengi



Staðreyndir um kosti og galla háspennuloftlína og jarðstrengja, stefnumótun erlendis og umfjöllun hér heima. Kynntu þér málið á [www.landsnet.is/linurogstrengir](http://www.landsnet.is/linurogstrengir)

LANDSNET



ALLT Í JÓLAPAKKA VEIÐIMANNSINS Á JÓLALEGU TILBOÐI Í NOKKRA DAGA

# JÓLAGJAFATILBOÐ VEIÐIHORNSINS

21. NÓVEMBER TIL 4. DESEMBER

**KASTHJÓL**  
Allt að **40%**  
afsláttur



**KASTSTANGIR**  
Allt að **30%**  
afsláttur



**VÖÐLUR**  
Allt að **25%**  
afsláttur



**SKOTVEIÐIGALLAR**  
Allt að **15%**  
afsláttur



**VEIÐITÖSKUR**  
Allt að **30%**  
afsláttur



**GÆSAFLAUTUR**  
Allt að **25%**  
afsláttur



**Rjúpnavesti**  
Vinsæl vesti á frábæru verði. Góðir vasar að aftan og framan fyrir nesti, bráð og búnað.  
Verð 8.995,-  
Tilboðsverð 5.995,-



**GERVIGÆSIR**  
Allt að **20%**  
afsláttur



**FLUGUSTANGIR**  
Allt að **30%**  
afsláttur




**FLUGUHJÓL**  
Allt að **40%**  
afsláttur



**BYSSISKÁPAR**  
Allt að **30%**  
afsláttur



**SAGE 2-axis Flugustangir**  
Hröð stöng. Kröftug hleðsla sem auðveldar lengdar og nákvæmnisköst.  
Verð 99.990,-  
Tilboðsverð 74.925,-



**VÖÐLUJAKKAR**  
Allt að **30%**  
afsláttur



**SIMMS G4 Pro Gore-tex jakki**  
Þriggja laga Gore-tex Pro Shell filma.  
Verð 79.900,-  
Tilboðsverð 55.900,-



Benelli BERETTA  
SAGE SIMMS  
SCIERRA  
ZPEY AON THOMPSON  
PRO FLYTER  
okuma  
Scientific Anglers  
Sinnarson flyfishing



**VEIÐIHORNID**

Metnaður okkar er að þjónusta viðskiptavini af þekkingu og reynslu og tryggja þeim ánægjulega og árangursríka veiðiferð.

SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

Ný verðlagskönnun ASÍ sýnir talsverða hækkun á matvöruverði milli ára:

## Verð á kjöti hefur hækkað um allt að 45%

**NEYTENDUR** Matvara sem verðlags-  
eftirlit ASÍ kannaði verð á 8.  
nóvember síðastliðinn hefur hækkað  
umtalsvert í verði frá sambærilegri  
könnun sem gerð var fyrir  
14 mánuðum. Kannað var verð í  
lágvöruverðsverslunum Bónuss,  
Nettó og Krónunni.

Í tilkynningu frá ASÍ segir að  
áberandi miklar hækkunir hafi  
verið á kjötvörum, frá 8 til 45 prósent,  
og kaffi um 15 til 38 prósent.  
Ostur, viðbit og mjólkurvörur hafa  
hækkað um 5 til 18 prósent á þessu  
rúma ári. Verðbólga á tímabilinu  
var 6 prósent.

Það sem er flokkað sem vinsæla  
matvöru sem hefur hækkað mikið  
í verði er til dæmis frosið lamba-  
læri, sem hækkaði um 40 prósent,  
bæði í verslunum Bónuss og Krón-  
unnar. Merrild kaffi hækkaði um  
38 prósent í verslunum Bónuss og  
Krónunnar og um 35 prósent hjá  
Nettó. Jonagold epli hafa hækkað  
um 52 prósent hjá Bónus og  
Krónunni og 56 prósent hjá Nettó.


Einstaka dæmi eru um vörur  
sem hafa lækkað í verði, eins og  
Haust hafrakex, sem lækkaði um  
rúm 30 prósent og sætar kartöflur  
lækkað um tæp 25 prósent. - sv



**HÆKKANDI VERÐLAG** Dæmi eru um töluverðar verðhækkunir á matvörum á síðustu 14 mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LJÓSAHÁTÍÐ Í RÍGA** Í telfni af  
þjóðhátíðardegi Lettlands í vikunni var  
efnt til ljóshátíðar, þar sem þessi turn  
í höfuðborginni Ríga varð fagurblár.  
NORDICPHOTOS/AFP



## Ársfundur Úrvinnslusjóðs

Ársfundur Úrvinnslusjóðs verður haldinn  
á Grand Hótel, 4. hæð, Háteigi A, þriðju-  
daginn 22. nóvember kl. 13:30

### Dagskrá

- Formaður stjórnar setur fundinn
- Ávarp umhverfisráðherra
- Ávarp formanns stjórnar Úrvinnslusjóðs
- Ársreikningur 2010 kynntur
- Yfirlit yfir starfsemi Úrvinnslusjóðs
- Umræður

Fundargögn munu liggja frammi á fundarstað

Stjórn Úrvinnslusjóðs



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

www.urvinnslusjodur.is

## Annar maður gaf sig fram eftir skotárás

Tveir menn á þrítugsaldri eru í haldi lögreglu eftir skotárás í Bryggjuhverfinu á föstudagskvöld. Skutu á bíl með afsagaðri haglabyssu. Fleiri manna er leitað. Lögregla segir allt benda til þess að árásin tengist fíkniefnaviðskiptum.

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn á þrítugsaldri eru nú í haldi lögreglu eftir skotárás í Bryggjuhverfinu í Reykjavík á föstudagskvöld. Fleiri manna er enn leitað í tengslum við málið.

Annar maðurinn var handtekinn á laugardag og hefur hann verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fram til 25. nóvember næstkomandi. Hinn gaf sig fram hjá lögreglu um miðjan dag í gær. Mennirnir voru báðir yfirheyrðir í gær og gærkvöld.

Lögreglan hefur lagt hald á bifreið sem talið er að árásmennirnir hafi verið á. Bíllinn fannst í sama borgarhluta og árásin var gerð, að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglu.

Mennirnir eru grunaðir um að hafa skotið úr afsagaðri haglabyssu á mannaða bifreið í Bryggjuhverfinu á föstudagskvöld. Lögregla fékk tilkynningu um byssuhvelli rétt fyrir klukkan átta og var sérsveit lögreglustjóra og allt tiltækt lið lögreglunnar sent á vettvang.

Árásmennirnir voru þrír



**BRYGGJUHVÆRFIÐ Í REYKJAVÍK** Skotárásin átti sér stað um klukkan átta á föstudagskvöld. Tveir menn á þrítugsaldri eru í haldi lögreglu, grunaðir um verknaðinn, en þriðja mannsins er enn leitað. MYND/EGILL

og skaut einn þeirra með byssu á glugga bifreiðar, að því er talið með þeim tilgangi að hæfa öikumanninn. Hann komst þó undan og sakaði ekki, en bíllinn stórskemmdist eftir kúlnaðhríðina. Lögreglan lítur málið

afar alvarlegum augum og telur að árásin tengist uppgjöri í fíkniefnaviðskiptum. Myndband náðist af atburðinum úr öryggismyndavél hjá Höfðahöllinni.

sunna@frettabladid.is

Fundaröð Samtaka atvinnulífsins um Ísland:

# RJÚFUM KYRRSTÖÐUNA LEIÐIR TIL BETRI LÍFSKJARA

**Vilmundur Jósefsson**, formaður SA og **Vilhjálmur Egilsson**, framkvæmdastjóri SA kynna nýtt rit um hvernig rjúfa má kyrrstöðuna á Íslandi og bæta lífskjörin.

Í riti SA er m.a. fjallað um gjaldmiðilmálin, brottflutning Íslendinga frá landinu í hálfu öld, leitina endalausú að stöðugleika í efnahagsmálum, þróun á vinnumarkaði og tækifæri til að draga úr atvinnuleysinu og auka samkeppnishæfni þjóðarinnar.

Allir velkomnir. Fundarmenn fá eintak af riti SA.



**Akureyri**

Fimmtudaginn 24. nóvember í Hofi - Hömrum, kl. 8.30-10.



**Húsavík**

Fimmtudaginn 24. nóvember á veitingahúsinu Sölku, kl. 12-14.



**Reyðarfirði**

Föstudaginn 25. nóvember á Fjarðahótelu kl. 12-14.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á [www.sa.is](http://www.sa.is)

Dularfullt dauðsfall í Ósló:

## Nakinn maður fannst látinn

**ÓSLÓ** Lögreglan í Ósló rannsakar nú dularfullt dauðsfall manns sem fannst látinn utandyra við hverfið Tveita í Ósló.

Maðurinn var nakinn þegar hann fannst.

Ekki hefur verið borið kennsl á manninn, en Oddleif Sveinungsen, varðstjóri lögreglunnar í Ósló, sagði við fréttastofu TV2 í gær að ekkert sé vitað um það hvernig andlát mannsins bar að.

Sveinungsen segir mikinn mannafla munu vinna að rannsókn málsins.

- sv

Fræðandi gjafir Stjornuskoðunarfélags Seltjarnarness og Stjornufræðivefsins:

## Öll 10 ára börn fengu stjornukort að gjöf

**FRÆÐSLA** Tíu ára krakkar í Grunnskóla Seltjarnarness fengu skemmtilegan glaðning á fimmtudag þegar fulltrúar frá Stjornuskoðunarfélagi Seltjarnarness og Stjornufræðivefnunum færðu þeim veglegt stjornukort að gjöf.

Stjornuskoðunarfélagið hyggst gefa öllum 10 ára börnum á Íslandi þetta kort á næstunni.

Á kortinu má sjá stjornuhimininn yfir Íslandi að vori og hausti og er vonast til þess að það reynist góð viðbót við náttúrufræðikennslu í grunnskólum.

„Stjornufræðikennsla er einn af lykilþáttum í kennslu um náttúrufræði og með því að gefa nemendum og kennurum stjornukort viljum við hvetja þá enn frekar til dáða,“ segir Sverrir Guðmundsson, ritari Stjornuskoðunarfélagsins og einn af umsjónarmönnum Stjornufræðivefsins, í tilkynningu frá félaginu.

Sverrir bætir því við að vissulega sé gjöf sem þessi talsvert áttak fyrir 300 meðlima áhugamannafélag en vonast til þess að hægt verði að endurtaka leikinn á næsta ári.

Ásamt Stjarnvísindafélagi Íslands gaf félagið Galíleó-sjónauka í alla grunn- og framhaldsskóla í fyrra.

- þj

**GLÖÐ MED GJÖFINA** Krakkarnir í Grunnskóla Seltjarnarness fengu fyrstu eintökin af stjornukortunum frá Stjornuskoðunarfélaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**EIMSKIP** Nýju skipin munu hafa um 12 þúsund tonna burðargetu. Þau verða 140,7 metrar að lengd og 23,2 metrar að breidd.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fær ný gámaskip 2013:

## Eimskip kaupir tvö gámaskip

**VIÐSKIPTI** Eimskipafélag Íslands hefur fest kaup á tveimur nýjum gámaskipum sem verða smíðuð í Kína. Gert er ráð fyrir að skipin verði afhent á fyrri hluta ársins 2013.

Skipin, sem eru þýsk hönnun, eru hvort um sig 875 gámaeiningar að stærð og þar af eru tenglar fyrir 230 frystigáma. Burðargeta skipanna er um 12 þúsund tonn, lengd 140,7 metrar og breidd 23,2 metrar.

Áætlaður kostnaður við smíðina er um 5,8 milljarðar íslenskra króna en Íslandsbanki mun fjármagna allt að 30 prósent af verkefninu.

- mpi

Sonur Gaddafís handtekinn:

## Dulbúinn sem kamelhirðir

**LÍBÍA** Sonur Gaddafís, Saif al-Islam, var handtekinn af hersveitum þjóðarráðs Líbíu á flóttu yfir eyðimörkina til Níger í gær. Hann var dulbúinn sem kamel-dýrahirðir.

al-Islam verður ekki framseldur til Alþjóðaglæpadómstólsins í Haag, heldur verður réttað yfir honum í heimalandinu. Forsætisráðherra Líbíu, Abdurrahim El-Keib, heitir því að al-Islam muni fá sanngjörn réttarhöld, en hann á yfir höfði sér dauðarefsingu verði hann fundinn sekur. Yfirheyrslur yfir al-Islam hófust í gærkvöld.

- sv

### Er verðtryggingin varanleg?

Opinn fundur um verðtryggingu á vegum BSRB miðvikudaginn 23. nóvember kl. 12.00 – 13.15 í BSRB - húsinu Grettisgötu 89.

Á fundinum verður fjallað um verðtryggð og óverðtryggð lán, kosti og galla verðtryggingarinnar og hvort raunhæft sé að afnema hana í náinni framtíð.

Framsögu hafa:  
**Pórolfur Matthíasson**  
prófessor í hagfræði við HÍ

**Pórey S. Þórðardóttir**  
framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða

**Óskar Hafnfjörð Auðunsson**  
aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka

**Andrea J. Ólafsdóttir**  
Hagsmunasamtökum heimilanna

**Ragnar Þór Ingólfsson**  
stjórnarmaður í VR

Fundarstjóri  
**Helga Jónsdóttir**  
framkvæmdastjóri BSRB



ÍSLENSKA SJÁVAR- og ÁRÍ 8/23 1/11

Nýr valkostur í íbúðalánnum

„Ég vel blandað íbúðalán.“

Ingvi Örn Þorsteinsson, 35 ára.

Viðskiptavinum Arion banka bjóðast nú blönduð íbúðalán sem jafna sveiflur í greiðslubyrði. Í boði er lán fyrir allt að 80% af virði eignar og er hægt að velja á milli fimm kosta þar sem óverðtryggður hluti lánsins getur verið allt að 100%.

Við bjóðum sveigjanleika.



Óverðtryggt lán

Blandað lán 1

Blandað lán 2

Blandað lán 3

Verðtryggt lán



Dú getur reiknað út hvernig íbúðalán hentar þér á arionbanki.is eða komið til okkar í næsta útibú.

Hvað skiptir þig máli?

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

Sjálfstæðismenn kusu ekki frambjóðandann sem höfðaði til breiðari hóps.

## Vannýtt tækifæri?

**B**jarni Benediktsson stóð af sér atlögu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur að formannsstöli Sjálfstæðisflokksins í gær. Sigurinn var þó ekki yfirburðasigur og vafamál hvort hægt er að segja að formaðurinn hafi styrkt stöðu sína; svo stór hluti landsfundarfulltrúa var reiðubúinn að velja annan til forystu.

Hvort staða Sjálfstæðisflokksins sjálfs hefur styrkt er líka vafamál. Skoðanakönnun, sem birt var í síðustu viku, sýndi að um þriðjung fleiri væru líklegir til að kjósa Sjálfstæðisflokkinn með Hönnu Birnu við stjórnvölinn en ef Bjarni leiddi flokkinn áfram. Nánast enginn munur var á stefnumálum Hönnu Birnu og Bjarna, þannig að það eru þá væntanlega persóna og aðferðir Hönnu Birnu sem höfða fremur til kjósenda.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Aðrar kannanir höfðu sýnt meiri stuðning við Hönnu Birnu meðal kjósenda sem sögðust styðja Sjálfstæðisflokkinn. Landsfundur endurspeglar hins vegar ekki endilega flokkinn eða þjóðina. Yfirskrift landsfundarins var „Nýtum tækifærin“ en

sú spurning er áleitin hvort fundurinn hafi þarna glutrað niður tækifæri til að breikka kjósendahóp Sjálfstæðisflokksins.

Sterkustu skilaboð landsfundarins eru um sókn í atvinnumálum og fjárfestingum, hagstætt skattaumhverfi og lækkun tolla og vörugjalda, meðal annars á landbúnaðarvörum.

Í sjávarútvegsáttáttum leggja sjálfstæðismenn áherslu á sátta-leiðina; að undirstrikað verði að auðlindin sé í þjóðareign en nýtingarsamningar verði gerðir við útgerðina til lengri tíma og veiðileyfagjald komi á móti.

Flokkurinn tekur þannig skýra afstöðu með heilbrigðu atvinnulífi, þvert á þann vandræðagang og að sumu leyti beina fjandskap við atvinnuuppbyggingu sem einkennir stefnu ríkisstjórnarinnar.

Evrópumálin halda hins vegar áfram að þvælast fyrir flokknum. Það er til dæmis mótsögn í því að vilja skoða hvaða kosti Ísland eigi á nýjum gjaldmiðli og að leggjast gegn því að farin verði nærtækasta leiðin til að skipta um gjaldmiðil; að sækjast eftir aðild að Evrópusambandinu.

Þó var greinilega meiri sáttaátönn í sjálfstæðismönnum en á síðasta landsfundi. Afdráttarlausar tillögur um að hætta aðildarviðræðunum við ESB voru þannig felldar. Málamiðlunartillagan sem samþykkt var, um að gera hlé á viðræðum og byrja ekki aftur fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu, breytir þó litlu. Hún einkennist af því sama og Evrópustefna Sjálfstæðisflokksins hefur gert um árábil; að reyna að fresta málinu til að halda flokknum saman.

Hvort þessi mótsögn dugir til er hins vegar óvíst, nú þegar aðildarviðræður eru komnar á rekspól og margir stuðningsmenn (og mögulegir stuðningsmenn) flokksins líta á ESB-aðild sem lyklatríði í endurreisn íslensks efnahagslífs og samkeppnisfærni atvinnulífsins.

Það verkefni endurkjörins formanns Sjálfstæðisflokksins að höfða til breiðs hóps og endurheimta fyrri styrk flokksins er því áfram erfitt og snúið.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Að mynda ríkisstjórn

Í hugum flestra eru þreifingar um myndun ríkisstjórnar leyndardómsfullt ferli og einungis á færi slyngustu pólitíkusa. Æðstu menn úr flokki eitt ræða við æðstu menn úr flokki tvö í reykyfylltum bakherbergjum, gá hvort flötur sé á að flétta saman illsamræmanlegar stefnuskrár í stjórnarsáttmála og skipta með sér ráðherrastólum í leiðinni. Þeir sem ólu með sér þessa rómantísku sýn hafa líklega orðið hvumsa við lestur Fréttatímans fyrir helgi, þar sem birt var kostuleg frásögn upp úr nýrri ævisögu Jakobs Frímans Magnússonar.



#### Jón tekur til sinna ráða

Sagan er á þá leið að Jón Ólafsson, viðskiptajöfur kenndur við Skífuna, hafi árið 1999 verið orðinn leiður á stjórnarsamstarfi Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. Hann hafi því haft samband við vin sinn Halldór Ásgrímsson og stungið að honum hugmynd um samstarf Framsóknar, Samfylkingar og Vinstri grænna. Halldór hafi tekið hugmyndinni vel, með því skilyrði að kempurnar Jón Baldvín Hannibals-son og Svavar Gestsson, þá sendiherrar, kæmu að stjórninni.

#### Jakob kemur til skjalanna

Og hverjum þótti Jóni best til þess fallinn að

redda því? Jú, auðvitað Jakob Frímagnússon, Stuðmaður, sem setti sig í samband við verkfúsa sendiherranna, bauð sér síðan í mat heim til Margrétar Frímagnúsdóttur og færði henni þau gleðitíðindi að þeir Jón Ólafsson væru búnir að setja saman fyrir hana ríkisstjórn. Margrét staðfestir að hún hafi tekið erindinu fálega og raunar ekki ýkja alvarlega. Jakob sýtir að áformin hafi runnið út í sandinn – skiljanlega, enda hefði ríkisstjórn með þessa guðfeður varla orðið annað en ... tja ... að minnsta kosti áhugaverð.

stigur@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Makrílveiðar

### Sjávarútvegs- útgáfa



Friðrik J. Arngrímsson  
framkvæmdastjóri  
LÍÚ

Ígrein um makrílveiðar í Fréttablaðinu þann 17. nóvember sl. skrifar Kristinn H. Gunnarsson m.a.: „Framkvæmdastjóri LÍÚ heldur því fram í grein í Fréttablaðinu að umtalsvert tap sé á veiðunum og þess vegna sé ekkert eftir til ríkisins.“

Þetta er ósatt. Í stuttri grein í Fréttablaðinu þann 4. nóvember sl. útskýrði ég með dæmi að óraunhæfar hugmyndir um 9 milljarða auðlindaskatt, eða 58 kr/kg, á makrílveiðar hefðu þýtt að mikið tap hefði orðið á makrílveiðum frystitogara síðasta sumar. Enginn grundvallarmunur er á veiðum, vinnslu og markaðssetningu á makríl og annarra fisktegunda. Við þurfum að hafa skipulag sem tryggir sjálfbærni og hagkvæmni veiðanna til þess að gera sem mest verðmæti með sem minnstum tilkostnaði.

Til þess höfum við um áratuga skeið stuðst við aflahlutdeildarkerfið með góðum árangri. Með því skapast sú langtíma hugsun sem er nauðsynleg m.t.t. til góðrar umgengni við auðlindina og trausts rekstrargrundvallar sjávarútvegsfyrirtækja.

Ríkið og sveitarfélög fá stærstan hluta þess aflaverðmætis sem sjávarútvegsfyrirtæki skapa þó að ekki komi til sérstakt gjald á veiðarnar. Raunar tel ég að ríkið fái meira í sinn hlut með þeim margfeldisáhrifum sem verða til með því að láta fjármunina vaxa og dafna hjá einstaklingum og fyrirtækjum í stað þess að taka hátt gjald af veiðunum með beinum hætti.

Við Íslendingar eigum nú í baráttu við Noreg og ESB um hlut Íslands til veiða úr makrílstofninum. Krafa okkar byggir á því, að eftir að makrillinn jók göngur sínar í lögsögu okkar, héldu útvegsmenn skipum til makrílveiða og fjárfestu í tækjum og búnaði til veiða og vinnslu á makríl.

Þannig var byggð upp veiðireynsla Íslands og einstakra útgerða. Flestir þeirra sem stunduðu makrílveiðar á síðustu vertíð höfðu af því góðan hagnað og makrílveiðarnar skiluðu íslensku þjóðarbúi miklum verðmætum.

Við urðum ekki við vör við Kristín H. Gunnarsson, eða aðra þá sem nú vilja hirða arðinn af veiðunum, við að byggja upp hlut Íslands.

visir **POPP** SKÚRINN

Þrjú myndbönd með nýjum lögum Lay Low á visir.is/popp

- ▶ BRÖSTIN STRENGUR
- ▶ HELGANGA
- ▶ PLEASE DON'T HATE ME

TÓNLISTARTÍMARITÍÐ **POPP** FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

# Velferðarkerfið

Í DAG

**Guðmundur Andri Thorsson**  
riðhofundur



Velferðarkerfið er handa öllum – líka óvinum sínum. En það gerir ekki allt fyrir alla alltaf.

Það snýst ekki um skuldaleiðréttingar og afskriftir. Slíkt er auðvitað réttlætismál þegar forsendur lántöku bresta og sjálfsgagt að herja á banka um að ganga ekki of hart fram í vaxtagæðþótta eða fá stjórnvöld til að skerast í leikinn með einhverjum hætti en velferðarkerfið snýst í sjálfu sér ekki um lántökumál fyrirtækja og einstaklinga.

## Það snýst ekki um ...

Það snýst ekki um að „skapa atvinnu“. Það er ekki hlutverk velferðarkerfisins að standa í misjafnlega arðbærum framkvæmdum til að hægt sé að nýta dýrar fjárfestingar í vinnuvélum og útvega mönnum vinnu um stundarsakir þar sem dauft er yfir einkaframtakinu. Slíkt kann að vera góðra gjalda vert en stundum mætti líka hjálpa mönnum við að losa sig við tækin dýru og komast út úr erfíðum fjárhagsskuldbindingum kringum kaup á vörubílum og skurðgröfum en að láta framkvæmdir ráðast fyrst og fremst af þörfinni fyrir að láta slíkar

fjárfestingar einstaklinga borga sig. Almennt talað er betra fyrir alla aðila að einstaklingsframtaki borgi sig. Góðir vegir og göng eru að vísu nauðsynlegur hluti af infrastrukturni hvers ríkis en framkvæmdir við slíkt þurfa hins vegar helst að fara fram á öðrum forsendum en velferðarkerfis vinnuvélanna.

Framlög til spítalabygginga eru ekki framlög til heilbrigðismála heldur framlög til húsbýgginga. Við ruglum alltaf saman húsnæði utan um starfsemi – og starfsemi sjálfri.

Velferðarkerfið snýst ekki um að láta alla hafa allar þær pillur sem hugurinn kann að girnast. Það snýst ekki um að láta öllum líða vel eða koma í veg fyrir vansæld og óhamingju. Það vinnur ekki bug á sorg og einsemi. Það kemur ekki í stað mannglegrar nálægðar. Það á ekki að standa straum af framkvæmdum við að gera okkur fríð.

Velferðarkerfið snýst ekki um að láta fé renna frá almenningi til fyrirtækja. Þetta á raunar að vera öfugt.

Hugmyndin á Norðurlöndum er sú að láta atvinnulífið verða öflugt, leyfa einkaframtakinu virkilega að njóta sín svo að byggð verði upp öflug og sterk fyrirtæki sem greiða bæði há laun og háa skatta – með glöðu geði. Þetta hefur tekist svo dával að um allan heim lítur fólk til Norðurlanda sem fyrirmyndar um það hvernig eigi að byggja þjóðfélag. Þar með er ekki sagt að ekki séu alls konar



Framlög til spítalabygginga eru ekki framlög til heilbrigðismála heldur framlög til húsbýgginga. Við ruglum alltaf saman húsnæði utan um starfsemi – og starfsemi sjálfri.

vandamál í þessum ríkjum eða að á Norðurlöndum hafi hin endanlega uppskrift að þjóðfélagi verið fundin. Þar er til dæmis djúprættur rasismi og önnur hugarfarsleg óværa. Þar starfa glæpaklíkur á borð við Vítisengla utan við lög og rétt og þar fylgja langvinnu atvinnuleysi alls kyns erfið vandamál.

En þar er sem sagt velferðarkerfi.

## Það snýst um ...

Velferðarkerfi er ekki ódýrt

og á ekki að vera það. Sífelld sparnaðarsjónarmið eiga ekki við þegar um er að ræða lágmarkshjónustu sem þegar velferðarsamfélags eiga að geta vænst. Það á heldur ekki að eftirláta „hollvinasamtökum“ og klúbbum og einstaklingum, hversu mjög sem vænt fólk reynir þar að láta gott af sér leiða.

Velferðarkerfið snýst meðal annars um vandaða og vel mannaða skóla þar sem öllum börnum er tryggð tiltekin menntun, hvaðan sem þau

annars koma og hvernig sem kann að vera ástatt fyrir þeim og þar sem starfa metnaðargjarnir og sívakandi kennarar á góðum launum.

Það snýst um að láta gömlu fólki líða eins vel og nokkur kostur er. Það snýst um að tryggja börnum sómasamlega tannhirðu án tillits til efnahagsforeldra. Það snýst um það að þegar hallar undan fæti hjá okkur förum við ekki á biðlista heldur fáum strax þá umönnun og þjónustu sem okkur ber. Það snýst um að opna deildir en ekki loka deildum.

Velferðarkerfið er fyrir okkur öll – meira að segja óvini sína. Það snýst umfram allt um þetta: þegar við fáum krabbamein eigum við að geta gengið inn á spítala og notið færni og þekkingar okkar framúrskarandi fólks í heilbrigðisþjónustu án þess að þurfa að greiða hundruð þúsunda króna.

## Hjálp í neyð í íslenskum veruleika

### Samfélagsmál

**Ásgerður Flosadóttir**

starfandi formaður Fjölskylduhjálpar Íslands í Reykjavík og á Reykjanesi



Fjölskylduhjálpar Íslands er átta ára um þessar mundir og aldrei hefur starfsemi staðið frammi fyrir eins miklum þjóðfélagslegum erfiðleikum og nú. Manni fallast hendur og er fólk mjög áhyggjufullt fyrir komandi misseri.

Það verða líklega þúsundir fjölskyldna sem leita til okkar

mataraðstoð? „Jú, mig rámar í það svarar viðkomandi“.

Ástandið verður mjög alvarlegt ef við getum ekki hjálpað þeim sem eru í neyð. Hér er hreinlega um geðheilsu fólks að ræða. Höfum í huga fjölda öryrkja hér á landi. Nú eru sjálfboðaliðar okkar að hringja inn á heimili landsmanna og óska eftir stuðningi þeirra sem eru aflögufærir. Nú þurfum við öll sem erum aflögufær að sýna samkennd og samhug í verki.

Það eru 2.500 börn sem búa hjá foreldrum sem neyðast reglulega til að leita eftir mataraðstoð. Þessir sömu foreldrar þurfa nauðsynlega á hjálp að halda fyrir



Margir loka á íslenska fátækt, reyna jafnvel að fela hana. Þeir viðurkenna ekki að til sé fátækt fólk á Íslandi.

eftir aðstoð nú fyrir þessi jól. Fjölskyldur hafa hreinlega ekki peninga til að framfleyta sér og sínum. Hef ég samanburðinn eftir 16 ár á þessum vettvangi. Margir loka á íslenska fátækt, reyna jafnvel að fela hana. Þeir viðurkenna ekki að til sé fátækt fólk á Íslandi. Það er svo auðvelt að fara í gegnum lífið án þess að kynast í raun fátækt eða velta fátækt yfirleitt fyrir sér. Sem betur fer eru margir í öruggum störfum og við góða heilsu og allt gengur eftir uppskriftinni.

Hvernig getum við ætlast til að fólk lifi á þeirri framfærslu sem því er úthlutað þegar þeir sem úthluta gætu aldrei gert hið sama. Enn þann dag í dag fæ ég spurningar eins og „ertu ennþá í þessu hjálparveseni?“ eða „hvað er Fjölskylduhjálpar Íslands?“ Ég verð alltaf jafn hissa og spyr viðkomandi hvort hann hafi ekki séð myndir af húsinu í Eskihlíðinni þar sem fólk bíður í röðum eftir

jólahátíðina. Ástæða þess að við úthlutum ekki gjafakortum í matvöruverslanir er sú að við höfum ekki fjármagn til þess að úthluta matarkortum í stað matvæla.

Hér er dæmi um einn úthlutunardag. Við úthlutum til 1.140 fjölskyldna. Ef þessar fjölskyldur fengju hver um sig 10.000 króna úttektarkort kostaði þessi eini dagur samtökin 11.400.000 króna. Fyrir þá upphæð getum við keypt matvörur fyrir heila þrjá mánuði og aðstoðað yfir 11 þúsund fjölskyldur. Með matarkortum getum við aðstoðað 10% þeirra fjölskyldna sem þurfa á mataraðstoð að halda. Hvað eigum við að gera fyrir hin 90% sem enga aðstoð fá?

Að lokum þá er bókhald samtakanna opið öllum sem það vilja skoða og hefur sá háttur verið á frá upphafi. Ef slíkt gagnsæi væri viðhaft hjá yfirvöldum þessarar þjóðar væri samfélagið okkar með öðrum blæ. Söfnunarreikningur 546-26-6609, kt. 660903-2590.

## Gistináttaskattur



### Minnt er á að lög um gistináttaskatt taka gildi 1. janúar 2012

- Gistináttaskatturinn er 100 kr. á hverja selda gistináttaeiningu, en gistináttaeining er leiga á gistaðstöðu í allt að einn sólarhring.
- Með gistaðstöðu er átt við herbergi, húsnæði eða svæði sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, að svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og leigan sé almennt til skemmri tíma en eins mánaðar.
- Lögin taka til þeirra sem selja gistingu, svo sem hótela, gistiheimila, tjaldsvæða, orlofssjóða stéttarféлага og ferða- og útivistarféлага. Ber þeim að tilkynna um starfsemi sína til ríkisskattstjóra.
- Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni [rsk.is/gistinattaskattur](http://rsk.is/gistinattaskattur) og í síma 442-1000.



RÍKISSKATTSTJÓRI



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** tónlistarmaður er 46 ára í dag. „Fótbolti er frjósemishátíð. Ellefu sæðisfrumur að reyna að komast inn í eggjð. Ég vorkenni markverðinum.“

## Merkisatburðir 21. nóvember

- 1272** Játvarður, sonur Hinriks III, verður konungur Englands.
- 1618** Þrjátíu ára stríðið: Umsátrinu um Pilsen í Bæheimi lýkur.
- 1620** Skipið Mayflower kemst inn fyrir Þorskhöfða með pílagríma sem stofna þar Plymouth-nýlenduna.
- 1931** Fyrsta leikritið er flutt í Ríkisútvarpinu. Það eru leiknir kaflar úr Bóndanum á Hrauni eftir Jóhann Sigurjónsson.
- 1974** 21 maður lætur lífið og tugir særast í sprengjutilræðum Írska lýðveldishersins í Birmingham á Englandi.
- 1974** George W. Bush er rekinn úr bandaríska flughernum.
- 1993** Endurvarp hefst frá nokkrum erlendum sjónvarpsstöðvum í samvinnu við Stöð 2 undir heitinu Fjölvarp.


## Óværa með hlýrra loftslagi

Guðmundur Halldórsson, skordýrafræðingur og rannsóknastjóri hjá Landgræðslu ríkisins, flytur fyrirlestur í fundarsal Arion banka næstkomandi fimmtudag. Fyrirlesturinn ber yfirskriftina Hvað er á ferðinni? – Ný óværa í garðinum?

Garðyrkjufélag Íslands stendur fyrir erindinu, en í fyrirlestri sínum fjallar Guðmundur um það að margt bendir til þess að með hlýnandi loftslagi hafi alltaf fylgt aukin skordýrabætur og merki hafi fundist um slíkt á steingerðu laufi. Meindýrum á trjágróðri

hefur fjölgað verulega hér á landi að undanförunu og eins hefur tjón af tegundum sem fyrir voru í landinu aukist. Svipaða sögu er að segja frá öðrum löndum. Í fyrirlesturinum verður fjallað um þessa þróun, hvers sé að vænta í framtíðinni og til hvaða aðgerða sé unnt að grípa til að sporna við þessari þróun.

Fyrirlesturinn fer fram fimmtudaginn næstkomandi klukkan 20. Aðgangseyrir er 500 krónur fyrir félagsmenn og maka þeirra, en 1.000 krónur fyrir aðra. Allir eru velkomnir.



**ÓVÆRA** Margt bendir til að meindýrum hafi fjölgað á trjágróðri hertendis með hlýnandi loftslagi.

## Fjallað um Mozart í Tónlistarsafninu

Töfrahurðin býður í samvinnu við Tónlistarsafn Íslands upp á dagskrá fyrir leikskólabörn og grunnskólanema í Töfrahorni Tónlistarsafns Íslands, Hábraut 2 í Kópavogi, í dag og á morgun frá klukkan 9 til 12.

Fjallað verður um austurríska tónskáldið Wolfgang Amadeus Mozart og mun tónskáldið mæta á staðinn í eigin persónu og segja frá lífi sínu í tali tónum.



**WOLFGANG AMADEUS MOZART** Segir sögu sína í Tónlistarsafninu í Kópavogi í dag og á morgun.

Það er Guðmundur Elías Knudsen leikari sem mun túlka Mozart, sem bæði segir sögu sína og sögu íslenskrar tónlistar. Sýnt verður myndband meðan sagan er sögd.

Auk þess verða Alla turca, aría úr Töfraflautunni og fleiri verk eftir Mozart á dagskránni í flutningi Guðríðar St. Sigurðardóttur píanóleikara og Valdísar Gregory sópran-söngkonu.

- fsb



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Gunnarsson** verkfræðingur, til heimilis að Sléttuvegi 19,

lést fimmtudaginn 17. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Anna Margrét Guðmundsdóttir Kristinn Á. Friðfinnsson  
Gunnar Örn Guðmundsson Helga Söebeck  
Hrönn Guðmundsdóttir Sicari Frank J. Sicari  
Hlíf Guðmundsdóttir Geir Björnsson  
Björn Lindal  
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

**PETTA GERÐIST: 21. NÓVEMBER 1979**

## Ráðist á sendiráð BNA í Pakistan

Óeirðir brutust út við sendiráð Bandaríkjanna í höfuðborg Pakistans, Islamabad, 21. nóvember 1979. Æstur múgur réðst á sendiráðið og brenndi það til grunna eftir skothríð sem kostaði einn bandarískan hermenn lífið. Umsátrið hófst sem friðsamlegur mótmælafundur stúdenta fyrir utan hlið sendiráðsins. Fljótlega brutust þó út óeirðir, veggur í kringum lóðina var rifinn og mótmælendur ruddust inn í sendiráðið. Skothríð hófst og varðmaður á þaki sendiráðsins var skotinn til

bana. Pakistanski herinn undir stjórn Zia hershöfðingja fékk það verkefni að kæfa óeirðirnar og frelsa starfsmenn sendiráðsins sem lokaðir voru inni í húsinu. Herinn náði yfirhöndinni og óeirðunum lauk rúmum fimm tímum eftir að þær hófust.

Ástæða árásinnar var talin vera útvarpsávarp Khomeinis, æðsta prests og þjóðarleiðtoga Írana, daginn áður, þar sem hann hélt því fram að Bandaríkjamenn hefðu hertekið heilagasta stað múslíma, moskuna í Mekka.



**LJÓSLIFANDI SÖGUEHTJUR** „Nú eru Glingló og Dabbi búin að taka tvo kettlinga í fóstur svo það er engin hættu á að ég verði uppiskroppa með söguefni á næstunni,“ segir Selma Hrönn Maríudóttir sem hér er með Glingló.

**SELMA HRÖNN MARÍUDÓTTIR: SEMUR SÖGUR UM EIGIN KETTI OG HUND**

## Ævintýrin sótt í upplifanir dýranna á ferð um landið

„Fyrsta bókin kom út 2006 en hún fjallar bara um kisurnar tvær, Glingló og Dabba. Hundurinn Rex fékk ekki að vera með fyrr en í annarri bókinni,“ segir Selma Hrönn Maríudóttir sem á dögnum sendi frá sér fimmtu bókina um grallarana frá Sandgerði, kisurnar Glingló og Dabba og hundinn Rex. Bækurnar, sem eru ætlaðar börnum á leikskólaaldri og yngsta stigi grunnskóla, gerast ýmist á tilteknum stöðum á landinu eða fjalla um ákveðið efni eins og til dæmis jólin. „Upphaflega kom hugmyndin til út af kisinum mínum sem nú eru orðnar þrettán ára en voru ansi uppátækjasamar sem kettlingar. Fyrir fimm árum eignuðumst við svo hundinn Rex sem féll vel inn í hópinn og tekur fullan þátt í ævintýrunum. Bækurnar eru nú orðnar fimm og fjórar þeirra eru einnig komnar út í tákn málsútgáfu á vefnum okkar, grallarar.is,“ segir Selma. Allar teikningar, bæði í bókunum og á vefnum, eru eftir Brynhildi Jennýju Bjarnadóttur teiknara og Selma segir samstarf þeirra hafa verið óskaplega skemmtilegt og gefandi. Sögurnar eru í vísnaformi enda segist Selma alltaf hafa hrifist af því formi. „Þannig að þessar sögur sameinuðu áhugamál mín, vísnaferð og dýrahald, og síðan fylgdu leikir og fleira skemmtilegt í kjölfarið sem líka er hægt að nálgast á vefsíðunni.“

Auk nýju bókarinnar eru komnar út vinnubækur sem kennararnir Erla



**Í HÓLMINUM** í nýjstu bókinni heimsækja grallararnir Stykkishól.

B. Rúnarsdóttir og Margrét A. Sigurvinsdóttir hafa útbúið og auka notagildi bókanna í skólalastarfi. „Svo eru ýmsar hugmyndir í undirbúningi,“ segir Selma. „Þetta vindur endalaust upp á sig og ég held við séum bara rétt að byrja.“

Selma er rafeindavirki að mennt og hefur einnig stundað nám í kerfisfræði og forritun. Hún starfar

sem vefhönnuður í fjölskyldufyrirtækinu Tónaflóði sem hún á og rekur ásamt manni sínum, Smára V. Sæbjörnssyni. Saman eiga þau tvö börn auk þess sem Smári á þrjú börn frá fyrri sambandi. Það er því enginn skortur á þakklátum áheyrendum til að prófa sögurnar á. „Strákarnir eru alltaf með í öllu ferlinu,“ segir Selma. „Auk þess ganga sögurnar líka út á að kynna ákveðna staði á landinu þannig að við í fjölskyldunni erum dugleg við að fara á staðina og upplifa ævintýrin úr bókunum á meðan þær eru að verða til. Nú eru Glingló og Dabbi búin að taka tvo kettlinga í fóstur svo það er engin hættu á að ég verði uppiskroppa með söguefni á næstunni. Hér á heimilinu eru fjórir kettir, einn hundur, hellingur af fiskum og fullt af börnum þannig að ég þarf ekkert að óttast það að fá ekki hugmyndir að fleiri bókum.“

Á vefsíðunni grallarar.is er hægt að gerast áskrifandi að bókunum til að missa ekki af neinu. Þar er einnig að finna ýmsa leiki, uppskriftir, tákn málsútgáfur sagnanna og fleira og fleira. „Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel,“ segir Selma. „Við höfum fengið styrki frá Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar, Menn-ingarráði Suðurnesja og Þróunarsjóði námsgagna. Æ fleiri kennarar nýta sér bækurnar við kennslu og Glingló, Dabbi og Rex hafa sjaldan verið hressari en í nýju bókinni Hopp og hí í Hólminum.“ [frikab@frettabladid.is](http://frikab@frettabladid.is)



Í bókinni **Litagleði fyrir heimilið** er lögð áhersla á falleg og litrík heimili með litlum tilkostnaði. Þar er að finna fjölmargar ábendingar og mynstur til að setja á púða, lampaskerma, blómapotta og aðra innanstokksmuni. Ekki er vitlaust að kíkja í hana áður en byrjað er á jólatiltektinni.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

**25% afsláttur af litakössum fram að jólum.**



LISTALAGERINN  
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvegur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900. [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

Skemmtilegt nám og góður andi segja nemendur í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík.



## Ekki slegið slöku við

Kristín Brynja Árnadóttir er ein þeirra sem stunda nám við Hússtjórnarskólann í Reykjavík. Henni líkar námið vel og segir andann í skólanum góðan.

„Þetta er rosalega gaman og ég mæli með þessu fyrir alla,“ segir Kristín en hún kemur úr Fjölbrautaskóla Suðurlands. „Mamma stakk upp á að ég færi í Hússtjórnarskólann eftir að hafa séð Margréti í sjónvarpinu. Ég held að hana sjálfa hafi alltaf langað að fara,“ segir hún hlæjandi.

FRAMHALD | 2

TECE:

Ideal  
STANDARD



Upphengt salerni með innbyggðum kassa



Tilboð  
45.000

IOI  
ÍSLEIFUR  
JÓNSSON

Dragháls 14 - 16  
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00  
Fax 4 12 12 01

[www.isleifur.is](http://www.isleifur.is)

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# TILBOÐSDAGAR

Gerð gæða- og verðsamanburð

12 mánaða  
vaxtalausar  
greiðslur



10.000 kr. vörukaup  
fylgja öllum  
heilsurúmum.


(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

20%  
AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur, sængurver og valdar vörur.

VALHÖLL, dýnur, á tilboði,  
80 og 90 cm með botni og fótum,  
áður á 69.900, nú aðeins **59.900.**

ÚRVAL STILLANLEGRA  
HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200

Nú aðeins **399.900** með okkar bestu  
IQ-CARE heilsudýnum

Sjá nánar verð og  
ný tilboð á [www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00



**Sveitarómantíkin** svífur yfir vötnum hjá þeim sem hafa tök á því að vera með frístandandi baðkar. Það er eitthvað heillandi við að láta líða úr sér úti á miðju gólfi, svöltið eins og að svífa um í lausu lofti.

**Rafhitarar**  
í skip, hús og sumarhús

**Neysluvatnshitarar**

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.

**Rafhitun**

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

**Glæsilegar yfirhafnir, kvenna á öllum aldri, ótrúlegt úrval.**

**GÓÐAR VÖRUR Á TILBOÐI**

**TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA**

**TOPPHÚSÍÐ**

Mörkinni 6 - Sími 588 5518  
Opíð mán - fös 10-18, laugardaga 10-16  
www.toppusid.is

**NÆG BÍLASTÆÐI**

Framhald af forsiðu

„Námið hentar mér mjög vel og kennararnir eru frábærir,“ bætir hún við en að námi loknu langar hana að vinna á leikskóla. Framtíðin er óráðin að öðru leyti.

Margrét Sigfúsdóttir skólustýra segir mikla ásókn í skólann og færri komist að en vilja. Námið tekur eina önn og komast 24 nemendur að hvora önnina.

„Ég vildi gjarnan geta tekið við öllum sem sækja um en það er ekki hægt,“ segir Margrét. „Önninni lýkur núna 10 desember og þá verður opið hús. Nemendur sýna afkrastur annarinnar sem er ekkert smáræði. Ég fæ oft að heyra að þessi skóli sé frábær undirbúningur fyrir háskólanám því hér er ekkert slegið slöku við,“ segir Margrét. „Nemendur verða að skipuleggja sig vel og vinna.“ Fata- saumur, þrjón og hekl, útsaumur og vefnaður er bara brot af því sem nemendur skólans fá leikni í en einnig er kennd matreiðsla, þrif og bóklegt nám við skólann.

„Það er nauðsynlegt að fólk læri að vinna og skipuleggja sig, ég vorkenni því það ekkert,“ segir Margrét.

heida@frettabladid.is



Nám við Hússtjórnarskólann tekur eina önn og komast færri að en vilja. Jósefína Elin Þórðardóttir við vefstólinn.



Nemendur læra að sníða barnaföt og sauma kjóla, buxur og boli.



Kjólar eru vinsælt verkefni í skólanum en nemendur sauma flik á sjálfa sig.



Nemendur þurfa að ná tókum á þrjóni og hekli og hekla meðal annars sjál á önninni, þrjóna lopapeysu, sokka og vettlinga.



Ýmis skrautsaumur er kenndur í skólanum og hér er búið að sauma perlur og rósir út af mikilli natni.



Vefnaður er eitt af því sem nemendur Hússtjórnarskólans öðlast leikni í og vefa værdarvoðir, trefla og teppi. Hér er verið að vefa rósaband.

**HOLLUR BITAFISKUR**

+80% prótín

Fiskneysla er góð fyrir heilabúið


**GULLFISKUR**

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

**Yndislegar dúnsængur og koddar úr 100% hvítum gæsadún**

**Fatabúðin**

Skólavörðustíg 21a  
Njálsgötumegin • S. 551 4050



**JEPPARAFAFGEYMAR**

**Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.**

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræisikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugger ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Kerti eru nú til dags flest gerð úr paraffíni, en sum eru úr bývaxi, soja- baunum eða jurtum. Einnig eru til „gelkerti“ sem eru gerð úr blöndu af vaxi og plasti. Þegar kveikt er á kerti breytist vaxið í gufu. Þegar það gerist sameinast það súrefninu í lofinu og logi myndast. Áður en rafmagn varð almennt var kertið helsti ljósgjafinn. Nú eru flest kerti notuð til skreytingar.

**Eirberg**

**Mediflow heilsukoddinn**

Einstakur heilsukoddi með mjúku yfirlagi og vatnsfyllingu. Stillanlegur vatnspúði sem veitir fullkominn stuðning Minnkar verki í hálsi. Eykur svefngæði

**9.750 kr.**

Opið virka daga kl. 9-18 og á laugardögum kl. 11-16  
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

*Gelðu góða sjól*





Bogi Molby Pétursson lögg. fasteignasali  
 Finnþógi Hilmarsson lögg. fasteignasali  
 Andri Sigurðsson sölufulltrúi og lögg. leigu- miðlari.  
 Tryggvi Kornellusson sölufulltrúi  
 Asdís Irena Sigurðardóttir skjalagerð

Sími 530 6500

Óskum eftir eignum á söluskrá.

Hagstæð kjör og góð þjónusta.

heimili@heimili.is

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúinir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Okkar verkefni eru:

- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Raðgjöf á fasteignamarkaði



heimili  
FASTEIGNASALA



Ástþór Reyni Guðmundsson Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir Sölufulltrúi RE/MAX

audur@remax.is

Vantar allar gerðir eigna á skrá

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir Sölufulltrúi RE/MAX Senter

## Rúmgott raðhús

Fasteignasalan Miklatorg kynnir fallegt 225,5 fermetra raðhús á tveimur hæðum í Árbæ.

Húsið skiptist í forstofu, eldhús, búr, stofu, garðskála, hol, tvær snyrtingar, þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol og bílskúr. Nánari lýsing er eftirfarandi:

Komið er inn í flísalagða forstofu með skápum. Úr forstofu er gengið inn í hol en þar er fallegur stigi upp á aðra hæð og snyrting. Úr holi er eldhúsið á hægri hönd með góðri, ljósri innréttingu og borðkrók. Búr er inn af borðkróknum. Borðstofa og stofu eru bjartar og fallegar. Arinn er á milli stofu og borðstofu. Gengið er út úr stofu í garðskála og þaðan í garðinn.

Efri hæð: Hjónaherbergið er með góðum skápum og hægt að ganga út á svalir. Tvö barnaherbergi eru á hæðinni.

Sjónvarpsherbergið er stórt og þaðan er hægt að ganga út á svalir. Það væri auðveldlega



Raðhúsið er á tveimur hæðum í Árbæ. Bílskúr fylgir.

hægt að breyta þessu herbergi og bæta einu svefnherbergi við án þess að það komi mikið niður á sjónvarpsholinu. Á hæðinni er einnig rúmgott baðherbergi með sturtu, baðkari, handklæðaofni

og allt flísalagt með ljósum flísum. Þvottahús og sérgeymsla. Bílskúrinn er 25,4 fermetrar með sjálfvirkum hurðaropnara, vatni og hita. Innkeyrslan og stéttin eru hellulagðar með hita.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

## MEIRA SKÚBB

Meiri Vísir.



### Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is



KJARNÁ - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 WWW.FASTMOS.IS

#### Efri Reykir - 270 Mosfellsbær



\*NÝTT Á SKRÁ\* 287,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr við Efri Reyki í Mosfellsbæ. Á efri hæðinni er stór stofa, borðstofa, fallegt eldhús, 3-4 svefnherbergi og baðherbergi. Á neðri hæðinni er sér inngangur, stórt svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi. Við hlið íbúðarhúss er stór tvöfaldur bílskúr. Húsið sendur hátt í landi með miklu útsýni á 1.872 m<sup>2</sup> eignarlóð. V. 73,5 m. 10143

#### Prastarhöfði - 270 Mosfellsbær



\*NÝTT Á SKRÁ\* Mjög falleg 116,1 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli með fallegu útsýni við Prastarhöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús, baðherbergi, þrjú svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara. Glæsilegt útsýni. V. 25,5 m.

#### Þverholt 9 - 270 Mosfellsbær



\*NÝTT Á SKRÁ\* Stór og rúmgóð 118,5 m<sup>2</sup>, 3-4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýli við Þverholt í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús, hjónaherbergi, rúmgott svefnherbergi (tvö á teikningu), stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir rúmgóð geymsla með glugga við hlið inngangs í íbúðina. Auðveld kaup - Áhvilandi er ca. 25,1 milljón frá Arion banka. V. 25,9 m. 10165



Klapparhlíð - 270 Mosfellsbær \*NÝTT Á SKRÁ\* Falleg 4ra. herbergja endalíbúð með séringangi á efstu hæð í 3ja. hæða fjölbýlishúsi við Klapparhlíð 7 í Mosfellsbæ. V. 25,7 m. 10169



Unufell 23 - 111 Reykjavík \*NÝTT Á SKRÁ\* Björt 99,5 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð með fallegu útsýni á efstu hæð í 4ra hæða fjölbýlishúsi. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 14,9 m. 10172



Vallarás - 110 Reykjavík \*NÝTT Á SKRÁ\* Falleg 57,4 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð við Vallarás 5 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, baðherbergi, eldhús, svefnherbergi, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla á hæðinni. V. 16,3 m. 10173



Flugmýri 8 - 270 Mosfellsbær \*NÝTT Á SKRÁ\* 355 m<sup>2</sup> iðnaðarhúsnæði með stóru malbikuðu bílapani á góðum stað. Eignin skiptist í: Á jarðhæð: Vinnusalur, salerni og kaffistofu. Á annari hæð: 8 skrifstofur, 3 baðherbergi, opið rými og geymslur. V. 29,9 m. 10163

#### Ægisíða 107 - 107 Reykjavík



OPIÐ HÚS Þriðjudag

\*NÝTT Á SKRÁ\* Falleg 71,4 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð í lítið niðurgröfnum kjallara í tvíbýlishúsi við Ægisíðu 107 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, eldhús, baðherbergi, stofu og tvö svefnherbergi. Baðherbergi, eldhús, gólfefni o.fl. var endurnýjað fyrir nokkrum árum. Falleg og björt íbúð í fallegu steinhúsi. V. 20,4 m. Opið hús á morgun þriðjudag frá kl. 12:00 til 12:30

#### Kaplaskjólsvetur 29, íbúð 102 - 107 Reykjavík



OPIÐ HÚS

Falleg 61,2 m<sup>2</sup>, 2ja. herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin skiptist í forstofuhol, svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir 3,0 m<sup>2</sup> sérgeymsla í kjallara. Eignin er laus til afhendingar strax. Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00 V. 18,2 m. 10117

#### Árakur 19 - 210 Garðabær



OPIÐ HÚS

\*NÝTT Á SKRÁ\* Stórglæsilegt og fullbúið 248,9 fm raðhús, á tveimur hæðum á skjólsæl-um stað. Mjög fallegar innréttingar eru í húsinu, víðarinnrétting með hvítri steinborðplötu í eldhúsi og t2 stór baðh. og þrjú stór svefnherbergi. V. 58,0 m. 10180 Opið hús í dag mánudag frá kl. 12:30 til 13:00

#### Maltakur 7, íbúð 206 - 210 Garðabær



OPIÐ HÚS

\*NÝTT Á SKRÁ\* Rúmgóð og glæsileg 159,4 m<sup>2</sup>, 3ja herb. endalíbúð með glæsilegu útsýni á 2. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt staði í bílarkjallara. Forstofu, hol, rúmgott svefnh. baðh./þvottah., stofu, borðstofu, eldhús og hjónasvitu með fatah., baðh. og svefnh. Íbúðinni fylgir bílastæði ásamt 26,7 m<sup>2</sup> sér geymslu í lokuðum bílarkjallara. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. Eignin er laus til afhendingar strax. Opið hús í dag mánudag frá kl. 12:30 til 13 V. 44,0 m. 10179



# Stakfell

Grunnur að góðu lífi

535\_1000

Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk

Aðalheiður Karlsdóttir  
lögg. fasteignasali  
stakfell.is

Þorlákur Ómar Einarsson  
sölustjóri  
Fax 535 1009



**Lækjagata – 101 Rvk**

Glæsilegt 1.611 fermetra verslunar og þjónustu húsnæði í hjarta Miðbæjarins. Möguleiki að leigja húsið í minni hlutum. Einstakt tækifæri til að hefja verslunarrekstur.



**Klettagarðar – 104 Rvk**

3248,1 fm verslunar og lagerhúsnæði við Klettagarða. Húsið stendur á 6.574 fm lóð, mikið af bílastæðum og gott athafnasvæði. Húsið skiptist í stóran sýningarsal, skrifstofu, matsal, verkstæði og lager. Verð 410 millj.

Vantar einbýlishús til leigu í Garðabæ.

Vantar 3ja-4ra herb. íbúð í salahverfi Kóp.

Vantar 150-200 fm sérbylí, par, raðhús eða hæð í 101

Erum með 4ra herb íbúð í Sjólandshverfi í skiptum fyrir einbýlí í Garðabæ



**Gnoðarvogur - 104 Rvk**

Hugguleg 74,9 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð. Búið að endurnýja gólfefni, eldhús og baðherbergi. Verð 18.2 millj.



**Tröllateigur - 270 Mos.**

Góð 122,4 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð. Lyftuhús, stæði og bílageymslu. Laus strax. Verð 26.9 millj.



**Hraunteigur - 108 Rvk**

107,5 fm 4ja til 5 herbergja íbúð á efstu hæð í mikið endurnýjuðu fjölbylí. Parket á gólfum nema baði. Svalir.



**Frostafold - 112 Rvk**

Vel skipulagða og fallega 100,4 fm 3ja herb íbúð á jarðhæð með sérinngangi, sér garði og bílskúrsrétti. Falleg íbúð. Frábær staðsetning innst í botnlanga.



**Leiðhamrar - 112 Rvk**

281 fm tvílyft einbýlí, 4 svefnh. 61 fm innb. bílsk. Sólþallur með pott. Mjög vel staðsett við óbyggð svæði að sjó, Flott útsýni út sundin og að Esjunni.



**Vatnsstigur - 101 Rvk**

118,9 fm rúmgóð 3ja herbergja falleg íbúð í Skuggahverfinu. Laus fljótlega



**Kögursel 3**

206,5 fm 6-7 herbergja glæsilegt parhús. Mikið endurnýjað á undanförmum árum. Fallegur garður með sólpall.



**Hverafold - 112 Rvk**

LÆKKAÐ VERÐ: 204,3 fm einbýlishús á tveimur þöllum, þar af 27 fm. bílskúr með gryfju. Auk 12 fm. sólstofu. Vel skipulagt hús á veðursælum stað. Verð kr. 57,9 millj.



**Háaleitisbraut - 108 Rvk**

Vel skipulagt og gott 150 fm. parhús. Góðar stofur, 3 svefnh. Innbyggður bílskúr, falleg og skjólsæl lóð. Einstök staðsetning innst í botnlanga.



**Kringlan - 103 Rvk.**

91,1 fm 3ja herb. íbúð á 1.hæð með sérinngangi. Tvær parketl. stofur. Gengið úr stofu á sólpall.



**Seilugrandi - 107 Rvk**

Fallegt 207,3 fm einbýlí á tveimur hæðum með 23,4 fm innb. bílskúr. 3 stór svefnh., hægt að bæta við 1-2. Stór verönd og gróinn garður. Verð 67,5 m.



**Ljósheimar - 104 Rvk**

101,8 fm 4ra herb. íbúð á 1. hæð með sérinngangi af svölum. Verð 23.9 millj



**Vindás - 110 Rvk**

Sérstæði fylgir í lokuðu bílskúli. Sam. þvottah. á hæðinni. Verð 18,5 millj.



**Njörvasund - 104 Rvk**

3ja herb kjallaraíbúð. Íbúðin skiptist í hol, 2 svefnh., baðherbergi, stofu og geymslu. LAUS STRAX. Verð 17,9 millj.



**Huldubraut - 200 Kóp**

258,7 fm parhús með innbyggðum bílskúr. Snýrtileg eign með arin í stofu. Stór timburverönd á baklóð. Laust strax. Verð 57 millj.



**Eyrargata - 820 Eyrarbakka**

Húsið er 60 fm, þar af 20 fm viðbygging frá 1935-40. 40 fm kj. og 24 fm.ris, samt. 124 fm. 1994 var húsið gert upp með uppr. útlit í huga. Aðeins 40 mín frá Rvk. Verð 17,8 millj



**Rjúpufell - 109 Rvk**

99,3 fermetra 4ja herbergja íbúð við Rjúpufell. Snýrtileg eign. Verð 17,9 millj.



**Norðurbú - 210 Gbæ**

Snýrtileg 106,4 fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð með afgirtan sólpall í Sjólandinu. Verð 26.9 millj.



**Naustabryggja - 110 Rvk**

Glæsilegt 239,2 fm. endaraðhús. 3-4 svefnh., stórar suðurvalir. Vel hannað. Útsýni yfir Esjuna og sundin. Lækkad verð 55,9 millj.



**Brautarland - 108 Rvk**

191,3 fm. vel skipulagt og fallegt raðhús á einni hæð með 29,8 fm. bílskúr. 4-5 svefnh., yfirbyggð suðurverönd. Fallegur gróinn garður.



**Álfhólsvegur - 200 Kóp**

280 fm. fallegt einbýlishús á 2. hæðum með tvöföldum innbyggðum bílskúr. Búið að innrétta hluta bílskúrs sem íbúðarherb. Verð 55 millj.



**Ásakór - 203 Kóp**

3ja herb. íbúð á 2. hæð í 6. hæða lyftuhúsi sem skiptist í anddyri, 2 svefnh., bað, þvottah., eldhús og stofu. ÍBÚÐIN ER TIL AFHENDINGAR STRAX. Verð 23.4 millj.



**Norðurbakki - 220 Hfj**

Fullbúin 102,2 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi með stæði í bílageymslu. Tvennar svalir. Vönduð og falleg íbúð á besta stað. Verð 25.5 millj. **OPIÐ HÚS Í DAG KL 18-18.30**



**Lækjarhjalldi - 200 Kóp**

Vel staðsett og notaleg efri sérhæð og hluti af jarðhæð ásamt rúmgóðum bílskúr, samtals 220,5 fm. Tvær íbúðir með sérinng. LÆKKAÐ VERÐ: 44.8 millj. **OPIÐ HÚS Í DAG KL 18 - 18.30**



**Helgubraut - 200 Kóp**

86,8 fm tvílyft einbýlishús. Eldhús og stofa samliggjandi. 2 svefnh. Hornbaðkar. Stutt í fallegar gönguleiðir um Fossveginn.



Stakfell.is

535\_1000



# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

## ÓÐINGGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: [fastmark@fastmark.is](mailto:fastmark@fastmark.is) - [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Lundur 86-92



### Glæsileg fjölbýlishús í Fossvogsdalnum í Kópavogi.

Lundur 86-92 eru þrjú 4ra – 6 hæða fjölbýlishús með samtals 52 íbúðum. Íbúðirnar eru þriggja herbergja og stærri. Staði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Leitast var við að hafa íbúðirnar bjartar og rúmgóðar með stórum gluggum og hita í gólfum.

Leitið upplýsinga á skrifstofu og á [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)

### PARHÚS Í VESTURBORGinni

Glæsilegt 300 fm. parhús á þremur hæðum í Vesturborginni. Húsið var allt endurnýjað fyrir 4 árum síðan og er í mjög góðu ástandi. Á efri hæðum eru m.a. 5 svefnherb. og samliggjandi stofur auk vandaðs eldhúss. 3ja herb. aukaíbúð í kjallara, sem er í útleigu. Nánari uppl. veittar á skrifstofu.

### Heiðargerði 27



Opið hús á morgun, þriðjudag, frá kl. 17.30 – 18.30

Vel skipulagt 131,1 fm endaradhús á þessum eftirsóttu stað í Smábúðahverfinu. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Samliggjandi rúmgóðar stofur. Stórar svalir til suðvesturs úr hjónaherbergi. Geymslu loft er yfir öllu húsinu. Stór endalóð og mögulegur viðbyggingarréttur. Verð 34,9 millj. Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin.



### Kirkjutorg.

Fallegt 139,3 fm einbýlishús í hjarta miðborgarinnar. Húsið er friðað í B-flokk (ytra býrdi) og hefur allt verið endurgert í upprunalegri mynd á síðustu 10-15 árum í samvinnu við Arbæjarsafnið. Húsið er kjallari, tvær hæðir og ris og skiptist m.a. í opið eldhús, 2 stofur og 4 herbergi. Svalir í suður sem snúa að Tjörninni. Hellulöð lóð.

### 4ra til 5 herb

### Selvað – 4ra – 5 herb. íbúð.



Falleg og vönduð 4ra – 5 herb. 123,8 fm. íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi auk sér staðs í bílageymslu. Íbúðin er innréttað á vandaðan hátt. Stór eyja og vönduð tæki í eldhúsi. Stór og björt stofa með útgangi á stórar svalir til suðurs. 3 herbergi auk vinnuherbergis. Verð 32,9 millj.

### Hvassaleiti – 4ra herb. m. bílskúr



4ra herb. 96,1 fm. íbúð á 4. hæð auk sér geymslu í kjallara og 20,0 fm. bílskúr. Fallegar ljósar innréttingar í eldhúsi. Björt og rúmgóð stofa með fallegu útsýni til suðurs. 3 herbergi. Fataherbergi innan hjónaherbergi. Verð 24,9 millj.



### Keilugrandi – 5 herb. íbúð

Mjög góð 114,0 fm íbúð á 4. hæð og í risi. Glæsilegt nýstandsett baðherbergi. Samliggjandi bjartar stofur. Fallegt eldhús með góðri eldunarstöðu. Stórt opið rými/sjónvarshol og vinnuástaða í risi. 3 herbergi (möguleiki á 4). Íbúðinni fylgir staði í bílageymslu. Gróin lóð og góð aðstaða fyrir börn. Verð 33,7 millj.



### Ölduslóð – Hafnarfirði. 4ra herb. m. bílskúr.

100,5 fm. 4ra herb. rishæð í þrjúbýlishúsi með sérinnangi ásamt 28,1 fm bílskúr. Stofa með útgangi á svalir til vesturs. 2 herb. auk forstofuherbergis. Nýlegt járn á þaki hússins. Verð 23,9 millj.

### 3JA HERB.



### Þórðarsveigur – góð 3ja herb. íbúð

Björt og vel skipulögð 84,3 fm. íbúð á 4. hæð, efstu, í góðu lyftuhúsi. Opið eldhús með ljóstri víðarinnréttingu. 2 góð herbergi með skápm. Stofa og borðstofa með útgengi á suðursvalir með útsýni til suðurs og vesturs. Vel staðsett eign í nálægð við leik- og grunnskóla. Staði í lokaðri bílageymslu. Verð 23,9 millj.



### Vindás – 3ja herb.

Vel skipulögð 85,2 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð með skjólguðum suðursvölum og sér staði í bílageymslu. Rúmgóð stofa, sjónvarpsbol og 2 góð svefnherbergi. Sér geymsla innan íbúðar og sameiginlegt þvottaherb. á hæðinni. Verð 19,5 millj.



### Naustabryggja.

Góð 93,7 fm. íbúð á 2. hæð auk 8,1 fm. sér geymslu í góðu fjölbýlishúsi í Bryggjuhverfinu. Allar innréttingar og hurðir eru spónlagðar með maghony. Eikarparket og flísar á gólfum. Svalir til vesturs út af stofu. Þvottah. innan íbúðar. Sér staði í bílageymslu. Verð 26,9 millj.



### Rauðalækur – sérinnangangur og sér bilastæði á lóð.

Góð 84,9 fm. íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Björt stofa með útgengi á lóð. Tvö rúmgóð herbergi. Þvottaherbergi/geymsla innan íbúðar. Upphitað bílplan. Verð 24,5 millj.



### Skólavörðustígur.

Falleg 78,4 fm. íbúð á 2. hæð auk sér geymslu í nýlegu húsi í hjarta miðborgarinnar. Svalir út af stofu. Opið eldhús. Baðherbergi flíslagt í gólf og vegg. Verð 27,5 millj.

### 2JA HERB.

### Tjarnarból – Seltjarnarnesi. Laus strax.



Góð 70,3 fm. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýlishúsi á Seltjarnarnesi. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Opið eldhús með fallegri ljóstri innréttingu u. Svalir út af stofu til suðurs. Þvottaherbergi sameiginlegt á hæðinni. Laus við kaupsamning. Verð 18,5 millj.



### Stelkshólar.

Falleg og björt 65,5 fm. íbúð í litlu fjölbýli með góðu útsýni til austurs. Björt stofa og borðstofa með útgengi á suðaustursvalir. Opið eldhús að hluta. Rúmgótt hjónaherbergi. Sameign snyrtileg. Fin fyrstu kaup. Laus fjótlega. Verð 14,9 millj.



### Víkurás.

58,8 fm. íbúð á 1. hæð/jarðhæð í góðu fjölbýli í Selásnum að meðtalinni sér geymslu. Útgengt á hellulagða verönd til suðurs úr stofu. Opið eldhús með ljóstri víðarinnréttingu. Svefnherbergi með góðu skáplássi. Verð 14,9 millj.



### Grundarstígur – laus strax

Falleg og mikið endurnýjuð 53,1 fm íbúð á jarðhæð með sérinnangi í Þingholtunum. Sameiginleg verönd vestan við húsið. Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verð 15,9 millj.



### Suðurhlíðar Kópavogs Útsýnislóð

Ein besta útsýnislóð á stór – Reykjavíkursvæðinu. Lóðin er staðsett í suðurhlíðum Kópavogs með frábæru útsýni á sólríkum og skjólsælum stað. Byggingarmagn á lóðinni er um 400 fm. á tveimur hæðum. Um 91 fm. timburhús er í dag á lóðinni, í þökalegu ástandi. Verðtilboð.

### ELDRÍ BORGARAR



### Porragata - 3ja herb. íbúð.

Björt og vel skipulögð 108,1 fm. íbúð á 2. hæð auk tveggja sér bilastæða í opinni bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu/hol, eldhús, samliggjandi rúmgóðar stofur, sjónvarpsstofu, 1 svefnherbergi og baðherbergi. Auðvelt er að útbúa svefnherbergi úr sjónvarpsstofu. Um 20 fm. svalir til suðurs út af stofum með fallegu útsýni til sjávar. Gott aðgengi og lyfta. Húsvörður. Verð 34,9 millj.

### SÉRBYLI

#### Jakasel.



Vandað og vel skipulagt 331,4 fm. einbýlishús á fallegum og grónum útsýnisstað. 6 svefnherbergi. Eldhús með stórru eyju. Stórar stofur með arni. Tvöfaldur bílskúr. T vinnar svalir. Glæsileg verðlaunalóð með stórum víðarveröndum og skjólveggjum. Verð 79,0 millj.

#### Hverafold



275,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 24,2 fm. innbyggðum bílskúr í rólegu og barnvænu hverfi. Aðalhæðin skiptist m.a. í bjarta stofu og borðstofu með mikilli loft hæð og útsýni. Eldhús með sérhannaðri innréttingu. 4 góð svefnherbergi og baðherbergi sem er nýlega endurnýjað. Auk þess 3ja herb. íbúð með sérinnangi á neðri hæð. Garður til suðurs í góðri rækt. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu.



S: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík



www.eignamidun.is

**Suðurgata 18 - glæsileg efri hæð. Frábært útsýni yfir Tjörnina.**

**OPIÐ HÚS**

Glæsileg 120 fm efri hæð í þessu fallega húsi. Þetta virðulega hús er staðsett á einstökum útsýnisstað við Suðurgötu. Allar innréttingar, gólfefni, raflagnir og fleira hefur verið endurnýjað á smekklegan hátt frá grunni. Glæsilegar stórar saml. stofur með svölum útaf og rúmgott svefnherbergi með góðum skápum. Gegnheil eik er á gólfum. Mjög gott skipulag. Íbúðinni fylgir mjög góð sameign m.a. 51% eignarhluti í geymslurisi. Sameiginlegt þvottahús í kjallara o.fl. Tvennar svalir. Einstaklega glæsilegt útsýni er yfir Tjörnina. **V. 59,9 m**  
**Opið hús mánudaginn 21. nóvember frá kl. 17-19.** 1001

**Grundarland - glæsilegt hús í Fossvogi**

Fallegt og mikið uppert einbýli á einni hæð neðst í Fossvoginum með tvöföldum bílskúr. Húsið er staðsett innst í botnlanga fyrir ofan götu á stórrí lóð. Húsið hefur verið endurnýjað á mjög fallegan og smekklegan hátt. Lóðin er með 90 fm timburverönd, heitum potti og skjólgirðingum. **V. 95,0 m** 7147

**Háaleitisbraut - raðhús á einni hæð.**

Fallegt talsvert endurnýjað og einstaklega vel skipulagt 190,4 fm raðhús á einni hæð með bílskúr. 4 svefnherbergi, baðherbergi og gestasnyrt-ing. Stór afgirt timburverönd til suðurs og góður garður. Endurnýjað baðherb, gólfefni, innihurðir að mestu og fl. Skipti möguleg á minni eign. **V. 45,9 m** 7136

**Álftamýri 28 íbúð 0101 - Glæsileg uppgerð íbúð**

**OPIÐ HÚS**

Í þessu einstaklega staðsetta fjölbýli, sem nýbúið er að mála og klæða austurgafi er til sölu glæsileg, mikið endurnýjað 3ja herb. íb. á 1.h. Íbúðin er ný máluð. Skipt hefur verið um allt gler, allt rafmagn endurnýjað, nýtt eikarparket, nýjar innihurðir og fataskápar. Bæði húseign og íbúð eru því í mjög góðu ástandi. Staðsetningin er eins og best verður kosíð, miðsvæðis og stutt í allar áttir, Kringlan í göngufæri og Álftamýraskóli og íþróttasvæði Fram við húsgaffinn. **Opið hús verður í dag mánudaginn 21. nóv. frá kl. 17-19** eigandi Brynjar sími 840-4040 verður á staðnum. 1006

**Skipholt 45 - 4-5 herb. og bílskúr.**

**SELD SELD SELD SELD SELD**

4-5 herbergja 117,5 fm íbúð á 3.hæð ásamt aukaherbergi í kjallara og bílskúr. Á hæðinni eru þrjú svefnherbergi og tvær samliggjandi stofur. Íbúðin þarfnast einhverra lagfæringa að innan. Góð staðsetning og húsið að sjá í góðu standi. **V. 22,9 m.** 7232

**Eyjabakki 20 - falleg aðkoma**

**OPIÐ HÚS**

Góð 4ra herbergja 95,7 fm íbúð á 2.hæð í góðu og vel staðsettu fjölbýli við Eyjabakka. Nýleg drenlög og nýlega gegnumtekin lóð með góðum leiktækjum og miklum hellulögðum stígum. Húsið er nýlega viðgert og klætt að hluta. **OPIÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:30 - 18:00 V. 19,5 m.** 7139

**Árakur 19 - glæsilegt nýlegt raðhús.**

**OPIÐ HÚS**

Opið hús að Árakri 19 Garðabæ. Glæsilegt og nútímalegt fullbúið 248,9 fm raðhús, tvílyft, sem byggt er á skjólsælum stað á Arnarneshæðinni. Allar innréttingar eru í 1. flokk. Húsið er klætt ýmist flísu eða báraðri álklaðningu sem gefur því nútímalegt útlit. Allur frágangur að utan tryggir lágmarksviðhald. **Opið hús í dag Mánudag 21 nóvember frá kl. 17-18. Verð 58,0 millj.**

**Maltakur 7 - íbúð 0206 glæsileg endaíbúð.**

**OPIÐ HÚS**

Stórglæsileg og vel hönnuð 158 fm 3ja herbergja útsýnis íbúð á efstu hæð frábærum stað á Arnarneshæðinni. Um er að ræða endaíbúð með útsýni til suðvesturs. **Opið hús í dag mánudaginn 21. nóvember 2011 frá kl. 17-18 Verð 44,0 millj.**

**Laugavegur 86-94 - 2 nýlegar glæsilegar íbúðir**

**OPIÐ HÚS**

Laugavegur 86-94 íbúðir 0203 og 0205 eru 2ja herbergja 70,4 fm íbúðir á 2.hæð í nýlegu vönduðu lyftuhúsi á finum stað í miðborginni. Vandaðar innréttingar, parket. Sérþvottahús innan íbúðarinnar. Sérgeymsla við hlíð íbúðanna. **Opið hús er í dag mánudaginn 21. nóvember frá kl. 12:15 - 13:00.**



Fasteignasalan Torg – Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ  
Sími: 520 9595 – Fax: 520 9599 – www.fasttorg.is



**Sigurður** Lögg. fasteignasali GSM: 898 6106  
**Hafðís** Sölustjóri GSM: 895 6107  
**Dórothea** Sölufulltrúi GSM: 898 3326  
**Jóhanna** Lögg. fasteignasali GSM: 698 7695  
**Póra** Lögg. fasteignasali GSM: 822 2225  
**Berglind** Lögg. fasteignasali GSM: 694 4000  
**Sigríður** Sölufulltrúi GSM: 699 4610  
**Árni** Lögg. fasteignasali GSM: 893 4416  
**Sigurbjörn** Sölufulltrúi GSM: 867 3707  
**Þorsteinn** Sölufulltrúi GSM: 694 4700  
**Halla Unnur** Lögg. fasteignasali S: 520 9595

**Baugakór 34 – 203 Kóp**

Verð: 33,4m

Herbergi: 3ja – Stærð: 119 fm

**OPIÐ HÚS mánud. 21.nóv kl.17:30-18:00**  
Mjög falleg neðri hæð í fjórþýlishúsi á jarðhæð með sérinngangi. Íbúðin er stór 3ja herbergja með geymslu innan íbúðar. Útgengi er á góða hellulagða verönd með steiptum vegg til háls og timburvegg ofaná út frá stofunni. Mjög góðir skólar og leikskólar eru í gögnufjarlægð frá íbúðinni.  
**Berglind Hólm, gsm 694-4000**

**Eyktarárs 2 – 110 Rvk**

Verð: 62m

Herbergi: 8 – Stærð: 326,4 fm

**OPIÐ HÚS mánud. 21.nóv kl.18:30-19:00**  
Mjög gott og vel skipulagt 326,4fm einþýlishús með bílskúr og samþykktari aukabúð á þessum vinsæla stað í Árbænum þar sem sundlaugin, íþróttastaða, skóli og leikskóli er í göngufæri. Húsið er á tveimur hæðum og gengið er inn á efri hæðina í aðalíbúð en sérinngangur er í aukabúðina á neðri hæð hússins og er hún í útleigu.  
**Uppl. Hafðís gsm 895-6107**

**Naustabryggja 15 – 110 Rvk**

Verð: 24m

Herbergi: 3 – Stærð: 110,3fm

Eignin fæst gegn yfirtöku lána frá Lí ca 23.000.000.-+ 1.000.000 kr.-Glæsileg og björt íbúð með stæði í lokaðri bílageymslu í góðu lyftuhúsi. Tvö mjög rúmgóð svefnherbergi með góðum fataskápum og gólfisíðum gluggum. Þvottahús og geymsla er innan íbúðar. Gólfefni er parket og flísar og eld-húsinnrétting með eldunareyju.  
**Uppl. Hafðís gsm 895-6107**

**Ásbúð 80 – 210 Gbæ**

Verð: 89,8m

Herbergi: 7 – Stærð: 344,0 fm

**OPIÐ HÚS mánud. 21.nóv kl.17:30-18:00**  
Glæsilegt og mikið endurnýjað hús á vinsælum stað í Garðabæ, húsið er teiknað af Kjartani Sveins og garður hannaður af Stanislás með veröndum, skjólveggjum, heitum potti og fallegum gróðri. Bílskúrin er 50 fm og möguleiki er á að hafa aukabúð á neðri hæð með sérinngangi. Þetta er mjög gott fjölskylduhús og stutt er í skóla og leikskóla.  
**Uppl. Hafðís gsm 895-6107**

**Bergþórugata 14 – 101 Rvk**

Verð: 13,9m

Herbergi: 2 – Stærð: 57

**OPIÐ HÚS mánud. 21.nóv kl. 17:30-18:00**  
Góða 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í þrjúþýlishúsi nálægt miðbæ Reykjavíkur. Eldhúsið er fallegt með hvítri innréttingu og góðu skápa-plássi. Stofan er með eikarparketi á gólfi og útgengi á pall. Þvottahús er í sameign og köld úttegymsla fylgir í lóð.  
**Uppl. Þorsteinn, gsm 694-4700**

**Kirkjusandur 3 – 105 Rvk**

Verð: 29,8m

Herbergi: 3 – Stærð: 90,6fm

**OPIÐ HÚS mánud. 21.nóv kl.17:30-18:00**  
Falleg íbúð á jarðhæð með sólþalli og stæði í bílageymslu í góðu fjölþýlishúsi. Vel skipulögð, fallegar innréttingar og parket á gólfi. Sameign í topp standi, líkamsræktar-aðst o.fl. Garður mjög stór, vel viðhaldið, leiktæki f börn, og nju hólú þúttvöllur. Hiti í gangstétt.  
**Uppl. Sigurður gsm: 898-6106**

**Holtsbúð 103 – 210 Gbæ**

Verð: 67m

Herbergi: 7 – Stærð: 329 fm.

**OPIÐ HÚS mánud. 21.nóv kl.17:30-18:00**  
Stórt og mikið hús á tveimur hæðum með tveimur íbúðum, tvöföldum bílskúr og stórum garði. Endilega komið í opið húsið og skoðið.  
**Uppl. Jóhanna Kristin, gsm 698-7695**

**Vesturberg 27 – 111 Rvk**

Verð: 41,9m

Herbergi: 5+íbúð í kjallara Stærð: 232,7 fm

**OPIÐ HÚS mánud. 21.nóv kl.17:30-18:00**  
\*\*\*Lækkað verð\*\*\*Skoða skipti á minni eign. Einþýli með bílskúr og 2ja herbergja íbúð í kjallara. Á efri hæð eru fjögur svefnherbergi. Óhindrað útsýni yfir borgina og göngufæri inn í Elliðarárdal. Stutt í alla þjónustu.  
**Uppl. Dórothea, gsm: 898-3326**

**Ferjuvað 13-15 – 110 Rvk**

OPIÐ HÚS



Verð: frá 19,9m – 29m

Herbergi: 2ja-3ja – Stærð: 76,8 – 125,5fm

**OPIÐ HÚS þriðjud. 22.nóv kl.17:30-18:00**

Nýjar 2ja og 3ja herb. íbúðir í nýju fjölþýlishúsi m. lyftu. Allar íbúðir m. sér-inngangi af svölum. Góðar svalir til suðurs. Allar íbúðir með þvottaherb. innan íbúðar, geymsla í sameign og bílastæði m. flestum íbúðum í bílakjallara. Afhendast fullbúnar án gólfefna í des 2011.



Uppl. Þorsteinn  
gsm: 694-4700

**Hrólfsskálamelur 2-8 – 170 Seltj**

Herbergi: 2ja – 3ja – stærð: 93,7 – 239,3fm

**Hringið og fáíð frekari uppl. í 898-6106/694-4700**

Um er að ræða nýjar íbúðir í glæsilegu fjölþýlishúsi á besta stað á Seltjarnarnesi. Töluvert af íbúðum seldar, allar í stigagangi nr. 2 SELDAR. Mjög góðar íbúðir, fallegar og bjartar, vel skipulagðar með miklu útsýni af rúmgóður svölum. Stæði í bílastæðahúsi fylgja öllum íbúðum, sumum fleiri en eitt. Afhendast fullbúnar án gólfefna.



Uppl. Sigurður  
gsm: 898-6106

Uppl. Sigurður gsm: 898-6106

**Fasteignasala  
snýst ekki bara  
um fasteignir...  
...heldur líka um fólk**

# HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Magnús Emilsson lögg. fasteignasali  
Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali  
Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali.  
Helgi Jón Harðarson sölustjóri  
Hilmar Þór Bryde sölumaður  
Þorbjörn Helgi Þórðarson sölumaður  
Hlynur Halldórsson sölumaður  
Valgerður Ása Gissurardóttir ritari

**MIKIL SALA – VANTAR EIGNIR Á SKRÁ.**



**Framnesvegur 34  
Vesturbær - 101**  
Rvk -  
**OPIÐ HÚS.**  
Nýkomin í einkasölu snotur 60,4 fm 3ja herb. kjallari í virðulegu 6 íbúðahúsi í V-bæ Rvk við Framnesveg. Laus fljótlega. Áhvilandi hagstæð lán ca. 13 millj. **Verð 17,5 millj.**  
**Eignin verður til sýnis í dag milli kl. 17-19.**  
Ólafur s.893-8285 býður ykkur velkomin.



**Hrauntunga - Einbýli - Hf.**  
Mjög gott 253,1 fm einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum 49,6 fm bílskúr samtals um 302,7 fm vel staðsett við Hrauntungu 6 í Hafnarfirði. Eignin er í góðu ástandi og skiptist í forstofu, hol, eldhús, búr, stofu, borðstofu, gang, baðherbergi, herbergi, hjónaherbergi, þvottahús og bílskúr. A efri hæð er stórt fjölskyldurými, gangur, snyrting, herbergi og geymslur. Fallegar innréttingar og gólfefni. **Verð 62 millj.**



**Óttuhæð - einbýli - Gbæ.**  
Glæsilegt einbýli á tveimur hæðum vel staðsett í hæðarhverfinu í Garðabæ. Húsið er ca. 305 fermetrar að stærð. Smekklegra innréttað á mjög vandaðan hátt með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Eignin skiptist í forstofu, gang, tvö herbergi, stórt herbergi með sér inngang, baðherbergi, geymslu og bílskúr. A efri hæð eru stofur, setustofa, borðstofa, eldhús, gangur herbergi, hjónah. með fataherbergi og baðh. inn af, þvottahús og snyrtingu. Fallegar innréttingar og gólfefni. **Verð 95. millj.**



**Norðurbakki 17-19 - Hafnafjörður.**  
Glæsilegar íbúðir í miðbæ Hafnafjarðar. Lúxusíbúðir sem skilast fullbúnar án gólfefna. Baðherbergi og þvottahús flisalögð. 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Stað frá 83 fm.-132 fm. **Verðbil er frá 22,9 millj. til 34 millj.**  
Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar frá GSK spónlagðar í EIK. Staði í bílageymslu fylgir hverri íbúð. Lyfta.

## Til leigu:

**Bæjarhraun - Hf.**  
Til leigu glæileg 120 fm. Skrifstofuhúsnæði á annari hæð.

**Bæjarhraun - Hf.**  
Gott verslunar/skrifstofu húsnæði 65 fm. á jarðhæð. Uppl. Á skrifstofu.



**Vesturtún - parhús - Álftanes**  
**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

## krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. eignir, 6. frá, 8. áþekk, 9. hljóð rjúpunnar, 11. hljóta, 12. titill, 14. skrælnuð trjágrein, 16. tónlistarmaður, 17. frjó, 18. meðvitundarleysi, 20. ryk, 21. tala.

## LÓÐRÉTT

1. kast, 3. belti, 4. freðmýri, 5. hallandi, 7. forhlaup, 10. blaður, 13. heyskaparamboð, 15. bæri að, 16. knæpa, 19. tveir eins.

## LAUSN

Kæmnu, 16. krá, 19. tt.  
LÓÐRÉTT: 1. varp, 3. ól, 4. stíreni, 5. fræ, 18. rot, 20. ím, 21. átta.  
LÁRÉTT: 2. góss, 6. af, 8. lík, 9. rop, 11. fá, 12. þróar, 14. sprekk, 16. kk, 17. ská, 7. forskot, 10. pip, 13. of, 15.



## Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa tæplega 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.



Allt sem þú þarft...

## Komið til að vera, knúzið

BAKPANKAR  
Gerðar  
Kristnýjar

Afnetið þarf knúz miklu oft. Annars abreytist það í vígvöll,“ skrifaði Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson eitt sinn á blogg síðuna sína. Hann var málfræðingur og femínisti, búsettur í Svíþjóð. Hann hikaði ekki við að láta í sér heyra þegar hann hnaut um kynjamsrétti og sendi þá fyrirtækjum og einstaklingum sem urðu uppvis að slíku skorinorð bréf og krafðist svara. Eljan var einstök og vakti oft aðdáun netvina hans, þar á meðal mín. Gunnar Hrafn lést við köfun í sumar aðeins 35 ára gamall. Hann reyndist hafa of stórt hjarta.



ORÐIÐ „femínisti“ vefst oft fyrir fólki en algengasta skilgreiningin er einfaldlega sú að það sé sú eða sá sem hefur áttað sig á því að jafnrétti kynjanna er ekki náð og vill gera eitthvað til að breyta því. Líklega var ég femínískt barn. Mér blöskraði snemma fyrirferðin í strákum, hversu vel var hlustað á þá en lítið gert úr því sem stelpurnar höfðu að segja. Þær sem heyrdist í voru athyglissjúkar eða bara einfaldlega frekjur. Smátt og smátt tömdu þær sér sama hugsunarháttinn gagnvart hver annarri og þar með var samstaðan rofin.

PEGAR unglingsárin tóku við og stelpurnar fóru að taka út þroskann fjölgaði ljótu orðunum sem hvæst var að þeim á skólagaðingunum. Á einum vetri urðu þær „brussur“, „jússur“ og svo margt fleira ljótt. Orð skipta máli. Þau móta fólk og mylja það að innan. Á sama tíma og gert var lítið úr stelpunum var þeim samt uppálagt að standa sig í náminu og tómsundunum. Þær áttu að vera jafnfærar, ef ekki færari, en strákarnir þrátt fyrir hvæsið. Og það dofnaði ekki svo auðveldlega í eyrum unglingsstelpu þótt kona hafi verið kosin forseti eða önnur setjist í forstjórstól.

NÚ fer fram mun meiri og víðfeðmari umræða í samfélaginu um jafnréttismál en þegar ég var krakki. Fólk er meðvitaðra en áður um kvaðirnar sem lagðar eru á stúlkur annars vegar og drengi hins vegar. Mig langar til að benda ykkur á vef sem stofnaður var til minningar um Gunnar Hrafn. Hann heitir knuz.is eftir þessu skodna orði sem hann notaði svo oft í samskiptum við vini sína á netinu. Á vefnum birtir hópur fólks, meðal annars prestur, rithöfundar og fjölmiðlafólk, femínískar greinar eftir sig en líka þýðingar á femínískum greinum úr erlendum miðlum. Þótt Dallas, Bravo-blöðin og bækur Andrésar Indriðasonar hafi verið góð fyrir sína parta þá hefði ég alveg viljað hafa aðgang að svona efni þegar ég var að alast upp.

## myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



# Betra en flest annað

Tónleikar ★★★★★

## Todmobile

Eldborg í Hörpu 18. nóvember

Það var setið í hverju einasta sæti í Eldborgarsal Hörpu þegar hljómsveitin Todmobile hélt þar útgáfutónleika fyrir plötuna 7 á föstudagskvöldið. Á meðan tónleikagestir tindust inn í salinn spiluðu Guðni Franzson og Einar Valur Scheving á didgeridoo og slagverk, en þeir voru staðsettir á svölunum fyrir aftan sviðið. Mjög flott forspil sem gaf tóninn fyrir sjálfa tónleikana, – það hafði greinilega mikið verið lagt í að gera þessa kvöldstund eftirminnilega.

Innkoma Todmobile var líka einstaklega glæsileg. Fyrst birtist Þorvaldur Bjarni og byrjaði að spila einn á kassagítar. Á ákveðnum punkti gaf hann félögum sínum sem höfðu komið sér fyrir við hljóðfærin merki og þeir keyrðu af stað með truckki, síðan kom strengjasveitin gangandi inn á sviðið frá hægri, spilandi á fiðlurnar og svo komu Andrea og bakraddasöngkonurnar syngjandi inn frá vinstri. Loks birtust meðlimir úr kórnum Hljómeyki aftast á sviðinu. Pottþétt byrjun og salurinn var strax orðinn heitur!

Todmobile spilaði í næstum þrjá klukkutíma, með einu hléi. Þau tóku bæði lög af nýju plötunni, sem er ágætis blanda af poppi, rokki og Todmobile-legu spilerfi, og gömlu smellina. Nýju lögin voru meira áberandi fyrir hlé og fengu góðar viðtökur í salnum. Hljómleikarnir voru bæði útgáfutónleikar og einnig



SÆL Pink segir lítið mál að sinna bæði vinnu sinni og móðurhlutverkinu og er alsæl með dóttur sína. NORDICPHOTOS/GETTY

## Lítið mál að vera móðir

Söngkonan Pink segir lítið mál að sinna bæði vinnu sinni og móðurhlutverkinu. Söngkonan og eiginmaður hennar, Carey Hart, eignuðust dótturina Willow Sage í júní á þessu ári.

„Svo lengi sem brjóstin mín eru komin heim á ákveðnum tíma get ég gert hvað sem er,“ sagði Pink í viðtali við People Magazine. Pink og Hart kynntust árið 2001 og líkt og frægt er orðið það Pink hans árið 2005 með því að halda uppi spjaldi er á stóð „Viltu giftast mér?“ á meðan Hart keppti í mótorkross. Það gekk í það heilaga á Kosta Ríka í byrjun árs 2006.

var nýi söngvarinn, Eyþór Ingi Gunnarsson, formlega vígður inn í sveitina. Eyþór Ingi er miklu yngri en aðrir meðlimir, – hann „kom út“ ári seinna en fyrsta Todmobile-lagið, eins og hann sagði sjálfur í kynningu. Það fylgir honum ný stemning, en aðdáendur hljómsveitarinnar virtust ánægðir með hann og tóku honum vel, enda öflugur söngvari og mikill sviðsmaður.

Eftir hlé fjölgaði gömlu smellunum og stemningin var keyrð upp í hápunkt í síðustu lögnum. Todmobile tók flest sín þekktustu lög á tónleikunum, Stúlkuna, Betra en nokkuð annað, Þöddulagið, Eldlagið, Ég heyri raddir, Brúðkaupslagið... Útsetningarnar voru flottar,

stundum mikið rokkað, en líka séð til þess að hljóðfæraleikararnir og söngvararnir fengu tækifæri til þess að sýna hvað í þeim býr. Að öðrum ólöstuðum fannst mér hljómborðsleikarinn Kjartan Valdemarsson stela senunni. Það var líka mikið lagt í sjónræna þáttinn, bæði með ljósasýningu og ýmsum sviðsbúnaði. Mjög flott.

Eftir kröftugt upplapp tók sveitin tvö lög til viðbótar. Stelpurokk og lagið Hér og nú af 7 í annað sinn. Flottur endir á frábærum tónleikum.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Todmobile heillaði troðfullan Eldborgarsalinn á flottum útgáfutónleikum á föstudagskvöldið.



VEL HEPPNAÐ Todmobile og aðstoðarfólk bauð upp á frábæra kvöldstund í Hörpunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# Við gerum betur!

2011 árgerðir af bílum til kaups eða leigu á einstökum kjörum

Sparaðu allt að 2 milljónum með kaupum á AVIS bíl



Fólksbílar, skutbílar, jepplingar og jeppar.



VW Polo 1,2 TDI   Diesel	
Nýr bíll:	2.580.000 kr.
<b>*AVIS bíll:</b>	<b>2.060.000 kr.</b>
Kaupauki:	150.000 kr.
<b>Þú sparar:</b>	<b>670.000 kr.</b>

Nissan Qashqai sjálfskiptur	
Nýr bíll:	5.440.000 kr.
<b>*AVIS bíll:</b>	<b>4.340.000 kr.</b>
Kaupauki:	200.000 kr.
<b>Þú sparar:</b>	<b>1.300.000 kr.</b>

Kia Cee'd Wagon 5 dr LX 1,6   Diesel, sjálfskiptur	
Nýr bíll:	3.797.000 kr.
<b>*AVIS bíll:</b>	<b>3.097.000 kr.</b>
Kaupauki:	150.000 kr.
<b>Þú sparar:</b>	<b>850.000 kr.</b>

Komdu og skoðuðu úrvalið í Knarrarvogi 2  
S. 591 4000 · [avisbilar.is](http://avisbilar.is)

\* AVIS bílar eru nýskráðir vorið 2011 og eknir rúmlega 20.000 km.  
Kaupauki er í formi gjafakorts frá Íslandsbanka.  
Verð nýrra bíla skv. verðupplýsingum frá bílaumboðum 10. nóv.

# AVIS

Við gerum betur.

**SCHMIDT**  
snjótennur

- sala  
- varahlutir  
- þjónusta

**AFLVÉLAR**  
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.  
Sími 480-0000 · [www.aflvelar.is](http://www.aflvelar.is)

**mid.is**  
Miðasala og nánari upplýsingar

**LAUGARÁS BÍÓ**  
www.laugarasbio.is  
-bara lúxus sími 553 2075

**IMMORTALS 3D** KL. 10.15 **16**

**TOWER HEIST** KL. 10.15 **12**

**BORGRÍKI** KL. 10.15 **7**

**TINNA** KL. 10.15 **7**

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar  
IMMORTALS 3D 8 og 10.15 (POWER)  
ELÍAS 6  
TOWER HEIST 8 og 10.15  
BORGRÍKI 6, 8 og 10  
TINNA 3D 5

**SAMBÍÓINN**

**SAMbóklúbburinn - alvöru fríðindi**

**SAMbio.is**

Tvær bíóferðir á mánuði á kr. 500 - frítt í VIP - kynntu þér málið

**HEIMSFROMSÝND**  
VERTU MED ÞEIM FYRSTU Í HEIMINUM TIL AD SJÁ HIÐ MAGNADA ÆVINTÝRI UM BELLU, EDWARD OG JACOB

**breaking dawn**

BELLA ER Í LÍFSHÆTTU OG EDWARD OG JACOB ÞURFA AD SAMEINA KRAFTA SÍNA EF PEIR ÆTLA BJARGA LÍFI HENNAR

MYNDIR SEM HAVA VERIÐ AD SLÁ ÖLL AÐSÓKNARMET Í USA

**THE IDES OF MARCH** SVIKRÁÐ

**TOWER HEIST**

**the Inbetweeners movie**

**the Help**

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
TWILIGHT - BREAKING DAWN kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D	TWILIGHT - BREAKING DAWN PART 1 kl. 5:30 - 8 - 10:40 2D	THE ADVENTURES OF TINTIN kl. 5:30 - 8 3D
TWILIGHT - BREAKING DAWN VIP kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D	THE IDES OF MARCH kl. 8 - 10:30 2D	THE IDES OF MARCH kl. 8 - 10:30 2D
TOWER HEIST kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D	ÞÓR: HET JUR VALHALLAR kl. 5:30 3D	ÞÓR: HET JUR VALHALLAR kl. 5:30 3D
THE IDES OF MARCH kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D	THE INBETWEENERS MOVIE kl. 8 - 10:30 2D	THE INBETWEENERS MOVIE kl. 8 - 10:30 2D
THE INBETWEENERS kl. 8 - 10:30 2D	THE THREE MUSKETEERS kl. 5:30 3D	THE THREE MUSKETEERS kl. 5:30 3D
THE HELP kl. 5:40 - 8:20 2D	HELP kl. 10:20 2D	HELP kl. 10:20 2D
JOHNNY ENGLISH REBORN kl. 5:50 2D		
SMÁRABÍÓ	KEFLAVÍK	KRINGLUNNI
TWILIGHT - BREAKING DAWN PART 1 kl. 8 2D	TWILIGHT - BREAKING DAWN kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D	TWILIGHT - BREAKING DAWN kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D
IMMORTALS kl. 10:30 2D	THE IDES OF MARCH kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D	THE IDES OF MARCH kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D
WHAT'S YOUR NUMBER kl. 8 - 10:20 2D	THE INBETWEENERS kl. 10:40 2D	THE INBETWEENERS kl. 10:40 2D
	THE HELP kl. 5:20 - 8 2D	THE HELP kl. 5:20 - 8 2D

**SMÁRABÍÓ** **HÁSKÓLABÍÓ**

FULLKOMIN GÆÐI!

★★★★★  
"SJÓNÆRNI VEISLA MED SKEMMTILEGU OFBEDI OG GRJÓTHÖRÐUM TÖFFRASKAP."  
T.V., KVÍKMYNDIR.IS / SÉÐ & HEYRT

**INMORTALS** 3D

FRÁ FRAMLEIÐENDUM 300 LÚXUS mid.is

SMÁRABÍÓ	GLERAUÐU SELD SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
IMMORTALS 3D KL. 5.30 - 8 - 10.30 <b>16</b>	IMMORTALS 3D LÚXUS KL. 5.30 - 8 - 10.30 <b>16</b>	IMMORTALS 3D KL. 5.30 - 8 - 10.30 <b>16</b>	IMMORTALS 3D KL. 5.30 - 8 - 10.30 <b>16</b>
ELÍAS OG FJARSJÓBSLEITIN KL. 3.40 <b>L</b>	ELÍAS OG FJARSJÓBSLEITIN KL. 3.40 <b>L</b>	IN TIME KL. 10.15 <b>12</b>	IN TIME KL. 10.15 <b>12</b>
TOWER HEIST KL. 8 - 10.20 <b>12</b>	TOWER HEIST KL. 8 - 10.20 <b>12</b>	HUMAN CENTIPEDE KL. 10.20 <b>18</b>	HUMAN CENTIPEDE KL. 10.20 <b>18</b>
IN TIME KL. 8 - 10.30 <b>7</b>	IN TIME KL. 8 - 10.30 <b>7</b>	MONEYBALL KL. 8 <b>L</b>	MONEYBALL KL. 8 <b>L</b>
ÆVINTÝRI TINNA 3D KL. 3.20 - 5.40 - 8 <b>12</b>	ÆVINTÝRI TINNA 3D KL. 3.20 - 5.40 - 8 <b>12</b>	ÆVINTÝRI TINNA 3D KL. 5.40 - 8 <b>7</b>	ÆVINTÝRI TINNA 3D KL. 5.40 - 8 <b>7</b>
HEADHUNTERS KL. 5.45 - 10.20 <b>16</b>	HEADHUNTERS KL. 5.45 - 10.20 <b>16</b>	MIDNIGHT IN PARIS KL. 5.45 <b>L</b>	MIDNIGHT IN PARIS KL. 5.45 <b>L</b>
ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL KL. 3.40 - 5.50 <b>L</b>	ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL KL. 3.40 - 5.50 <b>L</b>	ELDFJALL KL. 5.45 - 8 <b>L</b>	ELDFJALL KL. 5.45 - 8 <b>L</b>
ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL KL. 3.40 <b>L</b>	ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL KL. 3.40 <b>L</b>		

facebook / smarabio • facebook / haskolabio



TVÖFALDUR SKAMMTUR Útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson er landsþekkt eftirherma og þykir ná Jakobi Frímanni óaðfinnanlega. Stuðmaðurinn heiðraði hann fyrir frammistöðuna í eftirhermukeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jakob hertók heila bókabúð

Það var margt um manninn í Bókabúð Máls og menningar við Laugaveg á föstudag þegar ævisögu Jakobs Frímans Magnússonar var fagnað. Ævisagan, Með sumt á hreinu, kom út í síðustu viku og hefur fengið góðar viðtökur í fjölmiðlum. Nokkrir þekktir grínistar hermdu eftir Jakobi af þessu tilefni og var mikið hlegið í búðinni.



Jakob Frímann heiðraði eftirhermur sínar, en þeirra á meðal voru Ari Eldjárn, Sigurjón Kjartansson og Kristján Freyr Halldórsson, verslunarstjóri í Máli og menningu.



Ómar Ragnarsson steig á stökk. Skömmu síðar fækkaði hann fötum og lék eftir búkslátt sem Jakob varð frægur fyrir á árum áður.



Valgeir Guðjónsson er ein aðalpersónan í bók Jakobs og gat því ekki látið sig vanta.



Karl Sigurðsson úr Baggalúti og borgarstjórn og Karl Örnarsson tónlistarmaður með meiru.



Reynir Traustason, ritstjóri DV, hefur grennst svo á fjallgöngum síðasta árið að fæstir þekktu hann í hófinu.



Rithöfundarnir Páll Valsson og Hallgrímur Helgason fylgdust spóskir með.

**LYFJA** - Lífið heil

**Omega3 DHA**

- góð fyrir augu, heila og andlega heilsu

Omega3 DHA er ný vara frá Lýsi hf. sem inniheldur ríkulegt magn af lífsnauðsynlegu fitusýrunni DHA.

**Fyrir þig í Lyfju**

www.lyfja.is

**BÍÓ PARADÍS**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / mid.is

**MÁNUDAGUR: FARIN (PARTIR) 18:00, 20:00, 22:00**

ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00

BAKKA-BALDUR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00

■ BORGRÍKI 18:00, 20:00, 22:00

ISL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

**VERTU FASTAGESTUR!** Ódýrara í bíó með aðgangskortum!

**FARIN (PARTIR)** MEÐ KRISTIN SCOTT-THOMAS

# LIVE FOR GREATNESS

EVERY ROLEX IS MADE FOR GREATNESS. SINCE 1971, THE EXPLORER II HAS ACCOMPANIED EXPEDITIONS AROUND THE WORLD. IT FEATURES A 24-HOUR HAND, WHICH IS INVALUABLE TO SPELEOLOGISTS AND POLAR EXPLORERS AS IT ALLOWS THEM TO DISTINGUISH DAY FROM NIGHT. THE LATEST EXPLORER II FEATURES A 42 MM CASE AND IS THE IDEAL INSTRUMENT TO HELP TODAY'S EXPEDITIONS PUSH THE BOUNDARIES EVEN FURTHER.

## THE EXPLORER II



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909



ROLEX

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - [www.sviss.is](http://www.sviss.is)



**EMIL HALLFREDSSON** skoraði sitt sjötta mark á tímabilinu þegar Hellas Verona vann 3-1 sigur á Empoli í ítölsku B-deildinni á laugardaginn. Emil lagði upp eitt mark til viðbótar og átti svo þátt í því þriðja. Var þetta fimmti sigur liðsins í röð og er Hellas Verona í fimmta sæti deildarinnar.

## Mikið skorað í ensku úrvalsdeildinni um helgina: Liverpool vann stórslaginn í Lundúnum

**FÓTBOLTI** Glen Johnson reyndist óvænt hetja Liverpool þegar liðið lagði Chelsea 2-1 í Lundúnum í gær. Johnson spólaði sig í gegnum slaka vörn Chelsea og skoraði sigurmarkið þremur mínútum fyrir lok venjulegs leiktíma gegn sínum fyrrum félagum.

„Ég var sjálfsgafr sýðasta nafnið í þessari umræðu en ég er þakklátur fyrir að hafa skorað þetta mark,“ sagði Johnson eftir leikinn en hann er ekki eini leikmaðurinn sem hefur spilað fyrir bæði lið á undanförunum árum. Flestir biðu spennir eftir að sjá Fernando Torres gegn sínu fyrra félagi en hann, líkt og Raul Meireles, komu ekki við sögu fyrir en seint



í leiknum og náðu ekki að setja mark sitt á hann.

Manchester City heldur vænu forskoti á toppnum eftir 3-1 heimasigur á Newcastle í uppgjöri einu ósigruðu liðanna í deildinni. Yfirburðir heimamanna voru miklir í leiknum og þeir virka óstöðvandi þessa stundina.

Robin Van Persie reyndist enn og aftur hetja Arsenal í 2-1 útisigri á Norwich. Van Persie er markahæstur í deildinni með þrettán mörk.

Í Wales unnu Englandsmeistarar Manchester United til þrífaltinn sigur á nýliðum Swansea.

Javier Hernandez skoraði eina markið snemma leiks.

**SKORAÐI SIGURMARKIÐ** Glen Johnson gerði sínu gamla félagi grikk í gær.

## MARKVARSLA ARONS REIÐ BAGGAMUNINN GEGN HK

Haukar halda í við Framara á toppi N1-deildar karla eftir eins marks sigur á HK í Hafnarfirði í gær. Frammistaða Arons Rafns í marki Haukanna sá til þess.

**HANDBOLTI** Haukar deila toppsæti N1-deildar með Fram eftir 22-21 sigur á HK í Hafnarfirði í gær. Haukar geta þakkað markverði sínum, Aroni Rafni Eðvarðssyni, stigin tvö en hann varði 21 skot, mörg hver úr opnum færum.

Gestirnir úr Kópavogi byrjuðu betur í Hafnarfirði og það tók Hauka nokkurn tíma að ná áttum. Varsla Arons Rafns í marki heimamanna hleypti HK-ingum þó ekki langt fram úr Haukunum. Þeir unnu á eftir því sem á hálfleikinn leið og leiddu með einu marki í hálfleik, 12-11.

Þrátt fyrir að Haukar létu ítrekað reka sig út af í tvær mínútur fyrir vasklega framgöngu í vörninni höfðu þeir frumkvæðið gegn HK-ingum sem virtust hafa gleymt leikkerfum sínum inni í búningsklefa í hálfleik. Sóknarleikurinn gekk skelfilega og aðeins frábær innkoma Björns Inga Friðbjófsssonar í markið hélt stöðnum inni í leiknum. Tæplega þó.

„Sóknarleikurinn datt niður hjá okkur auk þess sem við vorum ekki nógu mikið á tákum í vörninni. Við skoruðum ekki heil lengi og það er ekki nógu gott,“ sagði Ólafur Bjarki Ragnarsson, leikstjórnandi HK. Hann sagði liðið sérstaklega verða að skoða hvers vegna svo illa gekk að nýta liðsmuninn.

„Við höfum áður lent í þessu veseni og vorum búnir að fara yfir þetta fyrir leikinn en það hefur ekki skilað sér nógu vel.“

Haukar virtust með unninn leik í höndunum þegar nokkrar mínútur lifðu leiks. Þá sýndu tveir af yngri leikmönnum liðsins, þeir Heimir Óli Heimisson og Nemanja Malovic, litla skynsemi og létu reka sig út af með skömmu milli-bili. Heimamenn tveimur færri og möguleiki fyrir gestina að koma sér aftur inn í leikinn.



**LOKADI BÚRINU** HK-ingurinn Bjarki Már Elísson reynir hér skot gegn Aroni Rafni Eðvarðssyni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri

**SLENDERTONE**

allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Tilboðsverð System belti fyrir kvíðvöðva dömu / herra kr. 29.995.-

www.sirry.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

**Ásdís Árnadóttir**

hefur hafið störf hjá Sjúkráþjálfuninni AFL, Borgartúni 6

Tímamantanir í síma 511 4111

SJÚKRÁÞJÁLFUN

**AFL**

www.aflid.is

## Til sölu

### Fjór hjóla og mótör hjóladekk

**Sólning ehf. auglýsir til sölu lager af fjór hjóla- og mótör hjóladekkjum.**

Fjór hjóladekk:

Ýmsar gerðir af Maxxis fjór hjóladekkjum auk nokkura dekkja af öðrum gerðum. Alls um 230 dekk.

Mótör hjóladekk:

Ýmsar gerðir af Maxxis torfæru og götuhjóladekkjum, alls um 300 dekk.

Dekkin verða til sýnis á lager Sólningar að Smiðjuvegi 11, miðvikudaginn 23.11 n.k. kl. 13:00 – 17:00. Óskað er eftir staðgreiðslutilboði með virðisaukaskatti sem greiðist við afhendingu.

Tilboð óskast í öll fjór hjóladekk í einu lagi eða öll mótör hjóladekk í einu lagi eða lagerinn í heild sinni. Dekk eru seld án ábyrgðar og í því ástandi sem þau eru.

Tilboðum skal skilað inn fyrir kl 12:00 mánudaginn 28. nóvember til Sólningar; [orn@solning.is](mailto:orn@solning.is).

Sólning ehf. áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

Frábær varnarleikur slökkti á KR í Þorlákshöfn:

## Þór með annan fótinn í undanúrslitum

**KÖRFUBOLTI** Þór frá Þorlákshöfn skellti Íslands- og bikarmeisturum KR á heimavelli sínum í Lengjubikarnum í gærkvöld 72-60 og fór langt með að tryggja sér sæti í undanúrslitum keppinnar.

Eins og stigaskorið gefur til kynna var varnarleikurinn allsráðandi og það gladdi Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórs.

„Þetta var varnarleikur í dag eins og við viljum hafa það,“ sagði Benedikt eftir leikinn í gær en KR skoraði aðeins 25 stig í seinni hálfleik og sá í raun aldrei til sólar eftir þökkalegan fyrri hálfleik.

„Við hittum illa. Bæði Kaninn hjá mér og eins Tairu hjá KR. Hann tók reyndar mikið af erfiðum skotum en þetta var að dreifast vel. Mér er alveg sama þótt við skorum ekki 80, 90 eða 100 stig á meðan við fáum á okkur 60 stig. Þeir skora þrist í lokin og þetta hefði getað litið ennþá betur út í 57 en ég sætti mig alveg við 60 stig,“ sagði glaðbeittur Benedikt sem segir ekkert í höfn því Þór á eftir að leika gegn Skallagrími í riðlinum.

„Við spilum hörkuleiki við Skallagrím í fyrri sem báðir réðust í blálokin þannig að ég



**SIGUR Í ÞORLÁKSHÖFN** Darrin Govins, leikmaður Þórs, og KR-ingurinn Ólafur Már Ægisson í leiknum í gær.

MYND/HALTI

ber ekkert nema virðingu fyrir Sköllunum,“ sagði Benedikt.

„Stigaskorið sem slíkt segir ekki allt, það fer eftir hraðanum í leiknum en við vorum hreinlega lélegir,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR. „Varnarleikurinn var ágætur í fyrri hálfleik og allt í lagi í seinni hálfleik. Við gerum samt slæma feila oft á tíðum. Við tölum um vissa hluti fyrir leikina og teljum okkur þekkja leikmenn ágætlega í hinu líönu en það er helvíti hart að það sé síðan ekki framkvæmt það sem talað er um.“ - gmi

andlitið sem hressir mann bara við. Þá verður maður æstari og vill verja meira,“ sagði Aron hress í leiklok.

Haukar eru með tólf stig líkt og Framara á toppi deildarinnar. Haukar eiga þó frestaðan leik gegn FH til góða. HK situr í þriðja til fjórða sæti með níu stig líkt og FH.

kolbeintd@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### N1-deild karla

<b>Haukar - HK</b>	<b>22-21 (12-11)</b>
<b>Mörk Hauka (skot):</b> Gylfi Gylfason 7/2 (11/3), Nemanja Malovic 6 (9), Stefán Rafn Sigurmannsson 4/1 (12/2), Sveinn Þorgeirsson 2 (3), Tjörvi Þorgeirsson 2 (5), Freyr Brynjarsson 1 (3), Einar Pétur Pétursson (1), Heimir Óli Heimisson (2), Þórður Rafn Guðmundsson (2).	
<b>Varn skot:</b> Aron Eðvarðsson 21/1 (42/4, 50%).	
<b>Hraðaupphlaup:</b> 7 (Gylfi 3, Malovic 3, Sveinn 1)	
<b>Fiskuð víti:</b> 5 (Heimir 2, Gylfi 1, Tjörvi 1, Þórður 1)	
<b>Utan vallar:</b> 18 mínútur.	
<b>Mörk HK (skot):</b> Bjarki Már Elísson 9/3 (14/4), Tandri Már Konráðsson 5 (10), Ólafur Bjarki Ragnarsson 4 (9), Bjarki Már Gunnarsson 1 (1), Leó Snær Pétursson 1 (2), Atli Ævar Ingólfsson 1 (4), Atli Karl Bachmann (1), Sigurjón Friðbjörn Björnsson (1), Höður Másson (4).	
<b>Varn skot:</b> Björn Ingi Friðbjófsson 11/1 (22/2, 50%), Amór Freyr Stefánsson 4 (15/2, 27%).	
<b>Hraðaupphlaup:</b> 7 (Bjarki Már 5, Ólafur Bjarki 1, Atli Ævar 1)	
<b>Fiskuð víti:</b> 4 (Bjarki Már 1, Ólafur Bjarki 1, Atli Ævar 2)	
<b>Utan vallar:</b> 8 mínútur.	
<b>Dómarar:</b> Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson.	

### Lengjubikar karla

<b>Þór Þorl. - KR</b>	<b>72-60 (33-35)</b>
<b>Þór Þorl.:</b> Michael Ringgold 21/12 fráköst, Darrí Hilmarsson 12, Guðmundur Jónsson 11, Darrin Govens 9, Marko Latinovic 9/5 fráköst, Baldur Þór Ragnarsson 5, Grétar Ingi Erlendsson 5.	
<b>KR:</b> Edward Lee Horton Jr. 24, David Tairu 11, Hreggviður Magnússon 8/9 fráköst, Jón Orri Kristjánsson 4, Martin Hermannsson 4, Finnur Atli Magnússon 4, Emil Þór Jóhannsson 3/5 fráköst, Ólafur Már Ægisson 2.	
<b>KFÍ - Haukar</b>	<b>93-82 (42-46)</b>
<b>Tindastóll - Snæfell</b>	<b>86-84 (40-35)</b>
<b>Hamar - Njarðvík</b>	<b>74-84 (33-41)</b>



# ÞJÓNUSTUDAGAR SHELL



ENNEEM / SIA / NM45986

## FULL ÞJÓNUSTA Á SJÁLFSAFGREIÐSLUVERÐI ÚT ÁRIÐ



Starfsmenn á plani veita þjónustu í boði hússins fram að áramótum, alla daga milli kl. 7.30 og 19.30 (fylgir opnunartíma verslana um helgar). Þeir tékka á olíunni og rúðuvökvanum, aðstoða við skipti á rúðupurrkum og perum og dæla eldsneyti fyrir þig. Þú greiðir bara sjálfsafgreiðsluverð.

Shell  
**V-Power**

Aukin afköst með framúrskarandi tækni.



**Subaru Legacy 4wd**

árg. 2006, ekinn 98 þús. km. 1994cc, bensín, sjálfsk.

**Verð 1.990.000 kr.**

► Sóllúga/Leður



**Audi A6**

árg. 2005, ekinn 82 þús. km. 2393cc, bensín, sjálfsk.

**Verð 2.990.000 kr.**



**Peugeot 307**

árg. 2006, ekinn 57 þús. km. 1400cc, bensín, beinsk.

Verð áður 1.590.000 kr.

► **Verð nú 1.290.000 kr.**

► TILBOÐSBÍLL



**Kia cee'd**

Eigum úrval notaðra Kia cee'd bíla, dísel eða bensín. Nánar á [www.askja.is](http://www.askja.is)

**Verð frá 1.990.000 kr.**



**Kia Sorento 4x4**

Eigum úrval notaðra Kia Sorento sportjeppa, dísel eða bensín. Nánar á [www.askja.is](http://www.askja.is)

**Verð frá 2.790.000 kr.**



**Isuzu Trooper 4x4**

árg. 2002, ekinn 221 þús. km. 3000cc, dísel, beinsk.

Verð áður 1.190.000 kr.

► **Verð nú 890.000 kr.**

► TILBOÐSBÍLL



**Mercedes-Benz E-Class**

árg. 2007, ekinn 37 þús. km. 2987cc, dísel, sjálfsk.

Verð áður 7.990.000 kr.

► **Verð nú 6.990.000 kr.**

► TILBOÐSBÍLL



**Mercedes-Benz A150**

árg. 2006, ekinn 55 þús. km. 1500cc, bensín, beinsk.

Verð áður 2.090.000 kr.

► **Verð nú 1.790.000 kr.**

► TILBOÐSBÍLL



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · [askja.is](http://askja.is)  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.

# Varð að nýta tækifærið

Heiðar Helguson skoraði um helgina tvö mörk í 3-2 sigri nýliða QPR á Stoke í ensku úrvalsdeildinni. Alls eru mörkin orðin fimm hjá Heiðari í jafn mörgum leikjum síðan hann fékk tækifæri í byrjunarliði QPR um miðjan október.

**FÓTBOLTI** Heiðar Helguson átti viðburðaríka helgi í ensku úrvalsdeildinni en hann skoraði tvö mörk í 3-2 sigri sinna manna í QPR gegn Stoke. Fyrri mark Heiðars var sérlega glæsilegt – fastur skalli úr vítateignum sem Daninn Thomas Sörensen réð ekkert við. Síðara markið sýndi svo hversu klókur leikmaður Heiðar er en hann skoraði þá af stuttu færi eftir fyrirgjöf Joey Barton.

Heiðar hefur nú skorað fimm mörk í ensku úrvalsdeildinni í síðustu fimm leikjum sínum í deildinni og er í dag meðal atkvæðamestu framherja þessarar sterkustu deildar heims, eins og fjallað er um hér til hliðar í opnunni.

Hann var valinn maður leiksins gegn Stoke og uppskar mikið hrós bæði knattspyrnustjórans Neils Warnock og fjölmiðla ytra.

**Höfum verið þéttir**

„Ég er auðvitað mjög sáttur við þetta, bæði mörkin og stigin þrjú. Öll stig í ensku úrvalsdeildinni eru vel þegin, sérstaklega á útivelli,“ sagði Heiðar í samtali við Fréttablaðið í gær.


Eftir nokkuð rólega byrjun hafa nýliðar QPR allir verið að koma til og segir Heiðar að 6-0 sigurinn á Fulham í byrjun október hafi verið vendipunkturinn. „Við höfum verið inni í öllum leikjum síðan þá og verið almennt þéttari fyrir. Þetta er allt að koma hjá okkur.“

Heiðar fékk tækifæri í byrjunarliði QPR gegn Blackburn 15. október síðastliðinn. Hann þakkaði traustið með því að skora strax á sextánda mínútu en leiknum lauk með 1-1 jafntefli. Síðan þá hefur Heiðar spilað hverja einustu mínútu og skorað fimm mörk. Hann er langmarkahæsti leikmaður QPR.

**Erfitt að vera fyrir utan hópinn**

„Hann [Neil Warnock, knattspyrnustjóri] ákvað að gefa mér tækifærið og ég varð auðvitað að nýta það. Maður fær ekki marga sénsa í þessari deild og mér hefur gengið mjög vel síðan þá,“ segir Heiðar en viðurkennir að það hafi verið erfitt að sætta sig við þau fáu tækifæri sem hann fékk fram að því.

„Sérstaklega var erfitt að sætta sig við að vera ekki í hópnum. Ég kom með vissar væntingar inn í þetta keppnistímabil og þó svo að ég hafi ekki átt von á að spila allar mínúturnar þá fór um mig þegar



MEÐ MYNDARLEGA BÓLGU Heiðar er hér í baráttu við Jon Walters, leikmann Stoke. Hann bólgaði illa á hægri kinn eftir að hafa fengið hné Roberts Huth í andlitið. Heiðar og Walters skarta báðir myndarlegu yfirvaraskeggi í tilefni átaks í ætt við Mottumars hér á landi.

NORDIC PHOTOS/GETTY

ég komst ekki einu sinni á bekkinn. Þá var ég aðeins farinn að örvænta og jafnvel að velta fyrir mér að finna mér nýtt lið. En svo breytast hlutirnir á augabragði og það var það sem gerðist hjá mér. Maður skyldi ætla að 34 ára gamall maður ætti að vita svona lagað en ég er eins og allir aðrir – ég vil spila eins mikið og ég get.“

Heiðar segir að Warnock hafi gert sér grein fyrir því í sumar að hann yrði ekki hans fyrsti kostur í byrjunarliði. QPR keypti DJ Campbell sem átti að vera byrjunarliðsmaður í sókn liðsins ásamt Jay Bothroyd. „En síðast meiddist DJ sem hefur líka verið að glíma við veikindi allt tímabilið. Ég fékk því tækifærið og á vonandi eftir að spila eitthvað áfram. Ég yrði alla vega frekar ósáttur ef hann færi að henda mér úr liðinu núna,“ sagði hann í léttum dúr.

**Með golfkúlu í andlitinu**

Snemma leiksins á laugardaginn fékk Heiðar ljótt sár í andlitið þegar að hann lenti í samstuði við Robert Huth, leikmann Stoke. Heiðar fékk hné Þjóðverjans sterka í andlitið og bólgaði

mikið undir hægri auganu. Heiðar hélt engu að síður áfram, skoraði tvö og var valinn maður leiksins. Uppskar hann mikið hrós fyrir frá Warnock. „Hann var með golfkúlu í andlitinu en lét það ekki á sig fá og hélt bara áfram. Hann var frábær á báðum endum vallarins í dag,“ sagði Warnock.

„Ég held að það hafi verið rétt lýsing hjá honum,“ sagði Heiðar sem virtist kvalinn þegar hann fagnaði fyrri marki sínu í leiknum. „Ég rak mig í einn féлага sem fagnaði með mér og það var ansi vont. Bólgan var orðin ansi myndarleg en það var svo sem enginn óviðráðanlegur verkur sem fylgdi henni. Sem betur fer lokaðist augað ekki og þetta lítur ansi skrautlega út í dag. Þetta lagast á nokkrum dögum.“

**Viðjum ná 40 stigum**

QPR er í níunda sæti deildarinnar með fimmtán stig og því í ágætum málum. Heiðar segir að markmið liðsins séu skýr. „Fyrst og fremst að fá þessi 40 stig eða svo sem þarf til að tryggja sætið í deildinni. Við horfum ekkert lengra í bili.“

eirikur@frettabladid.is

## Eru skólprörin í húsinu þínu farin að gefa sig?

Nú er rétti tíminn til að láta skoða skólplagnir.

Frí ástandsskoðun og myndun til áramóta.

Það hefur aldrei verið eins þægilegt að láta gera við frárennislagnir!

Við hjá PROLINE bjóðum heildarlausnir í viðgerðum á frárennislögnum.

- HEILFÓÐRUN
- STADSETNING LAGNA
- DÆLUBÍLAR
- PARTFÓÐRUN
- MYNDUN LAGNA
- JARÐVINNA

Gefum gömlum lögnum nýtt líf!

Við bjóðum raðgreiðslur til allt að 36 mánaða

**PROLINE** Sími 571 0300 - [www.proline.is](http://www.proline.is)  
Dalvegi 16B - 201 Kópavogur



Heiðar Helguson í góðum félagsskap eftir að hafa skorað fimm mörk í aðeins sjö leikjum í haust:

# Aðeins fimm hafa skorað oftar að meðaltali

**FÓTBOLTI** Heiðar Helguson fór á kostum þegar lið hans, QPR, vann 3-2 sigur á Stoke í ensku úrvalsdeildinni um helgina. Heiðar skoraði tvö markanna og er nú alls kominn með fimm mörk á tímabilinu. Heiðar er í 10.-14. sæti yfir markahæstu menn deildarinnar en hann hefur spilað minna en flestir aðrir í kringum hann á listanum og er því í hópi efstu manna þegar kemur að meðalfjölda mínútna á milli marka.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu er Heiðar í hópi stórstjarna

þegar kemur að mínútu á milli marka að meðaltali og slær við mönnum eins og Wayne Rooney og Rafael van der Vaart.

Heiðar skoraði fyrsta markið sitt á tímabilinu í leik gegn Blackburn 15. október síðastliðinn en það var fyrsti leikur hans í byrjunarliði á tímabilinu. Fram að því hafði hann aðeins fengið að spila í samtals 29 mínútur en síðan þá hefur hann haldið sæti sínu í byrjunarliðinu og meira að segja aldrei verið skipt af velli.

Heiðar hefur þakkað knattspyrnustjóranum Neil Warnock



**ÖFLUGUR** Heiðar Helguson fagnar einu marki sinna í haust. NORDIC PHOTOS/GETTY

traustið með því að skora alls fimm mörk og er hann langmarkahæsti leikmaður liðsins.

Heiðar er næstmarkahæsti Íslendingurinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar með 24 mörk. Hann á enn nokkuð í land með að ná Eiði Smára Guðjohnsen sem skoraði 55 mörk í 211 deildarleikjum með Chelsea á sínum tíma. Hann er nú hjá AEK í Grikklandi.

Heiðar hefur þó tekið fram úr Eiði Smára, um stundarsakir að minnsta kosti, þegar kemur að meðalfjölda marka í leik. Heiðar hefur spilað 87 leiki og því skorað 0,28 mörk að meðaltali í leik. Meðaltal Eids Smára er litlu minna, eða 0,26 mörk í leik. - esá

## Mínútur á milli marka

1. Edin Dzeko, Manchester City	58,3
9 leikir; 10 mörk á 583 mínútum	
2. Mario Balotelli, Manchester City	66,7
8 leikir; 6 mörk á 400 mínútum	
3. Sergio Agüero, Manchester City	72,7
11 leikir; 10 mörk á 727 mínútum	
4. Robin van Persie, Arsenal	76,4
12 leikir; 13 mörk á 993 mínútum	
5. Demba Ba, Newcastle	91,8
11 leikir; 8 mörk á 734 mínútum	
<b>6. Heiðar Helguson, QPR</b>	<b>95,8</b>
<b>7 leikir; 5 mörk á 479 mínútum</b>	
7. Ivan Klasnić, Bolton	100,7
10 leikir; 6 mörk á 604 mínútum	
8. Wayne Rooney, Man. United	102,3
11 leikir; 9 mörk á 921 mínútu	
9. Yakubu, Blackburn	105,6
7 leikir; 5 mörk á 528 mínútum	
10. Rafael van der Vaart, Tottenham	112
9 leikir; 6 mörk á 672 mínútum	
11. Javier Hernandez, Man. United	117,8
11 leikir; 5 mörk á 589 mínútum	

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin

<b>Everton - Wolves</b>	<b>2-1</b>
0-1 Stephen Hunt (36.), 1-1 Phil Jagielka (43.), 2-1 Leighton Baines (82.).	
<b>Manchester City - Newcastle</b>	<b>3-1</b>
1-0 Mario Balotelli (40.), 2-0 Micah Richards (43.), 3-0 Sergio Agüero (71.), 3-1 Dan Gosling (88.).	
<b>Norwich - Arsenal</b>	<b>1-2</b>
1-0 Steve Morison (16.), 1-1 Robin van Persie (26.), 1-2 Robin van Persie (58.).	
<b>Stoke - Queens Park Rangers</b>	<b>2-3</b>
1-0 Jonathan Walters (7.), 1-1 Heiðar Helguson (21.), 1-2 Luke Young (43.), 1-3 Heiðar Helguson (53.), 2-3 Ryan Shawcross (63.).	
<b>Swansea - Manchester United</b>	<b>0-1</b>
0-1 Javier Hernandez (10.).	
<b>West Brom - Bolton</b>	<b>2-1</b>
1-0 Jerome Thomas (15.), 1-1 Ivan Klasnić (20.), 2-1 Shane Long (55.).	
<b>Wigan - Blackburn</b>	<b>3-3</b>
0-1 Yakubu Aiyegbeni (1.), 1-1 Jordi Gomez (6.), 2-1 Gary Caldwell (30.), 2-2 David Hoilett (59.), 3-2 Albert Crusat (87.), 3-3 Yakubu (98.).	
<b>Chelsea - Liverpool</b>	<b>1-2</b>
0-1 Maxi Rodríguez (33.), 1-1 Daniel Sturridge (54.), 1-2 Glen Johnson (86.).	
<b>Tottenham - Aston Villa</b>	<b>í kvöld kl. 20.00</b>

### STAÐAN

<b>Man. City</b>	12	11	1	0	42-11	34
Man. United	12	9	2	1	29-12	29
<b>Newcastle</b>	12	7	4	1	18-11	25
Chelsea	12	7	1	4	25-17	22
<b>Tottenham</b>	10	7	1	2	21-15	22
Liverpool	12	6	4	2	16-11	22
<b>Arsenal</b>	12	7	1	4	25-22	22
Aston Villa	11	3	6	2	16-15	15
<b>QPR</b>	12	4	3	5	13-22	15
West Brom	12	4	2	6	11-17	14
<b>Norwich</b>	12	3	4	5	17-20	13
Everton	11	4	1	6	13-16	13
<b>Swansea</b>	12	3	4	5	12-16	13
Stoke City	12	3	3	6	10-22	12
<b>Sunderland</b>	12	2	5	5	14-13	11
Fulham	12	2	5	5	14-15	11
<b>Wolves</b>	12	3	2	7	13-20	11
Bolton	12	3	0	9	19-29	9
<b>Blackburn</b>	12	1	4	7	16-27	7
Wigan	12	1	3	8	10-23	6

### Spænska úrvalsdeildin

<b>Barcelona - Real Zaragoza</b>	<b>4-0</b>
1-0 Gerard Pique (19.), 2-0 Lionel Messi (43.), 3-0 Carles Puyol (54.), 4-0 David Villa (75.).	
<b>Valencia - Real Madrid</b>	<b>2-3</b>
0-1 Karim Benzema (20.), 0-2 Sergio Ramos (72.), 1-2 Roberto Soldado (75.), 1-3 Cristiano Ronaldo (79.), 2-3 Roberto Soldado (83.).	

## DUROL BURSTAMOTTAN



- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum



Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.  
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is



## NÝTT DOVE MEN+CARE

DOVE MEN+CARE inniheldur rakaendur (micromoisture) sem hjálpa húðinni að viðhalda eðlilegu rakastigi.

Í rakaendunum eru olíur sem virka um leið og DOVE MEN+CARE kemst í snertingu við húðina. Húðin verður ekki fitug viðkomu heldur náttúrulega rök og mjúk.

[ LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Í EIGIN SKINNI ]





Allt fínt fyrir jólin



# HÚSFÉLÖG FYRIRTÆKI OG STOFNANIR



Sérfræðingar veita ráðgjöf um val á jólaseríum og jólaljósum



Fáðu tilboð í stærri kaup á jólaseríum, jólaljósum og jólaskrauti



## Seríur og jólaskraut ráðgjöf og tilboð þriðjudaginn 22. nóvember

Sérfræðingar veita ráðgjöf í jólaseríum og jólaskrauti og gefa tilboð fyrir húsfélög, fyrirtæki og stofnanir þriðjudaginn 22. nóvember í eftirfarandi verslunum:

Húsasmiðjan og Blómaval Skútuvogi kl. 10-18

Húsasmiðjan og Blómaval Akureyri kl. 10-18

Húsasmiðjan og Blómaval Selfossi kl. 10-18

Húsasmiðjan og Blómaval Reykjanesb. kl. 10-18

**Komið og skoðið landsins mesta  
úrval á einum stað.**

Heitt kakó og piparkökur fyrir alla.





Californication, aðallega út af nettaleika Hanks Moody. Það komast fáir með tærnar þar sem hann hefur hælana.

Alfreð Finnbogason, fótboltamaður.

## Feðgarnir flökkkuðu milli kirkna í Kaliforníu

„Platan er búin að seljast mjög vel, enda mikið búið að bíða eftir henni,“ segir tónlistarmaðurinn Herbert Guðmundsson.

Herbert og Svanur sonur hans hafa sent frá sér plötuna Tree of Life, eða Lífsins tré. Plötuna unnu feðgarnir í sameiningu frá grunni og Herbert lætur meira að segja eftir syni sínum að syngja fjögur lög á plötunni. „Hann er að syngja eins og þessir ungu gæjar í dag,“ segir Herbert, ánægður með frammistöðu sonarins.

Feðgarnir njóta aðstoðar ýmissa tónlistarmanna á plötunni. Þar má nefna Gunnlaug Briem, Harald Þorsteinsson, Stefán Magnússon, Tryggva Hübner ásamt Magnúsi og Jóhanni.

Herbert og Svanur eru nýkomnir frá Kaliforníu í Bandaríkjunum, þar sem þeir komu fram í kirkjum í ríkinu. Presturinn Darren Goodman bauð þeim út eftir að hafa heyrt lagið Time, en hann er kvæntur íslenskri konu og kynntist tónlist feðganna fyrir tilstilli hennar. Herbert segir viðtökurnar úti hafa verið mjög góðar, en þeir voru úti í þrjár vikur.

„Okkur var ofsalega vel tekið. Ég er ekki frá því að við förum aftur,“ segir Herbert. „Við spiludum í átta kirkjum og seldum diska.“

Eru þið mjög trúðir feðgarnir?  
„Já, ég er náttúrulega trúðir, en hann er ekki jafn harður og ég.“ - afb



Í KIRKJU Presturinn Darren Goodman bauð Herbert og Svani syni hans til Kaliforníu. Hér eru feðgarnir ásamt presti og hans frú í einni af kirkjunum.

## Myndarlegar jólagjafir

Myndabækur  
Verð frá 1.900kr.



Myndajólakort  
Verð frá 128kr.stk.


ATH. við erum flutt á Smáratorg 1 (inni hjá A-4)



myndval

Smáratorg 1 - s: 557 4070  
www.myndval.is

## HRYLLILEGA SPENNANDI UNGLINGABÆKUR



RAMM-ISLENSKAR SPENNU-SÖGUR

RUSTIRNAR

Birgitta Elin Hassell



Bókabeltan ehf - bókabeltan@bókabeltan.is - Sími: 588 6609

ORRI JÓNSSON: HITTU ÆTTINGJANA Í KAUPMANNAHÖFN

## Lítil íslensk mynd sló við Scorsese og Cameron Crowe

Heimildarmyndin Amma Lo-Fi kom sá og sigraði á heimildarmyndahátíðinni Copenhagen Dox sem fram fór á dögnum.

Myndin var valin sú besta í flokki tónlistarmynda og lagði þar kvikmyndir eftir leikstjóra á borð við Martin Scorsese og Cameron Crowe. Scorsese var með heimildarmynd um bítilinn George Harrison á meðan Crowe gerði tuttu ára ferli bandarísku rokkrisanna í Pearl Jam skil. Svo skemmtilega vill til að myndin bar einnig sigurorð af tónleikamynd Sigur Rósar, Inni, en Ingibjörg Birgisdóttir, einn af þremur leikstjórum Ömmu Lo-Fi, er systir Jóns Þórs Birgissonar, söngvara Sigur Rósar.

„Það fer örugglega að stytta í að Jónsi verði kallaður litli bróðir hennar Ingu,“ segir Orri Jónsson, einn af leikstjórum myndarinnar.

Amma Lo-Fi sjálf segir frá Sigríði Nielsdóttur sem ákvað þegar hún var komin yfir sjötugt að leyfa listagjöfni að njóta sín. Hún fór að semja og gefa út tónlist, búa til klippimyndir og vakti töluverða athygli fyrir. Sérstaka athygli vakti að Sigríður prófaði sig áfram með tilraunakenna dagurtonlist, enda ekki á hverjum degi sem eldri borgarar leggja lag sitt við nýtskulegar tónlistarstefnur.

Orri heyrði fyrst af verkum Sigríðar í gegnum Tólf tóna. „Mér fannst þetta strax vera eitthvað sem einhver varð að dökumentera,“ segir Orri en heimildarmyndin var alls átta ár í vinnslu. „Þetta vannst bara hægt og rólega eftir því sem efni og tími gaf tækifæri til.“ Sigríður sjálf náði hins vegar aldrei að sjá myndina í fullri lengd því hún andaðist í vor. „Dætur hennar hafa séð myndina og svo komu ættingjar hennar í Danmörku á sýningu myndarinnar í Kaupmannahöfn sem kom okkur skemmtilega á óvart.“

Orri og Ingibjörg voru á síðasta snúningi með að klára eftir-



LEYFÐI LISTAGJÖFNI AÐ NJÓTA SÍN Sigríður Nielsdóttir fór á gamals aldri að semja tónlist og búa til listaverk og vakti mikla athygli fyrir það. Heimildarmynd um hana vann sigur á Copenhagen Dox á dögnum en Sigríður náði sjálf aldrei að sjá myndina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

vinnslu myndarinnar og luku við klippingu hennar aðeins nokkrum sólarhringum áður en hún var sýnd í Kaupmannahöfn. „Við fengum

sýningareintakið sex klukkustundum áður en við flugum út, þetta var allt saman mjög íslenskt,“ segir Orri. freyrgigja@frettabladid.is

## Gerir nýja matreiðslubók

„Jú, þetta er skemmtilegt tækifæri og ég er mjög spennt fyrir þessu,“ segir Hrefna Sætran, sjónvarpskokkur og veitingahúsaegandi, en hún skrifaði á dögnum undir samning við Hagkaup um gerð nýrrar matreiðslubókar. Verkefnið er á frumstigi en Hrefna segir að bókarinnar sé að vænta á næsta ári.

„Þetta verður grillbók með fjölbreyttum réttum. Það þarf að prófa og prófa heilan helling af uppskriftum fyrir svona bók, þetta er mjög viðamikil vinna sem fer af stað núna.“ Hrefna er uppfull af hugmyndum fyrir bókina og hlakkar til að byrja. „Mér finnst mikill heiður að fá að gera þetta.“

Matreiðslubækur Hagkaups eru einhverjar vinsælustu bækur sem gefnar hafa verið út hérlendis og hafa öðlast sérstakan sess á heimilum landsins. Bækurnar hafa margoft setið í efstu sætum metsölulista og eins og Fréttablaðið hefur greint frá hafa Hagkaupsbækur Jóa Fel selst í hátt í 150.000 eintökum. Því má búast við að bók Hrefnu, sem er einn þekktasti kokkur landsins, muni njóta mikilla vinsælda.

Hrefna er ekki þekkt fyrir að slaka á og á meðan hún nýtur þess að vera í fæðingarorlofi með syni sínum sem fæddist í september, er hún með fleiri



NÝBÖKUN MÓÐIR Hrefna nýtur heimilislífsins þessa dagana með tveggja mánaða gömlum syni sínum, Bertram Skugga.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

járn í eldinum. Andlit hennar mun ekki eingöngu sjást heima í stofu í nýju Hagkaupsbókinni, því á vormánuðum mætir hún aftur á skjáinn. „Við erum að fara að byrja aftur með matreiðsluþætti á Skjá einum. Þetta verður sjöunda serían af Matarklúbbnum en fólk má búast við ýmsum nýjungum, við ætlum að krydda aðeins upp á þættina.“ - bb




# „BESTA SKÁLDSAGA SÍÐUSTU ÁRA.“

STEINGRÍMUR SÆVARR ÓLAFSSON, PRESSAN



VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR



JPV  
JPV ÚTGÁFA

„Hreinasti gimsteinn, einskonar strengleikur um fjöregg manneskjunnar í viðjum harðneskju og valdbeitingar.“

ÞORSTEINN FRÁ HAMRI

„... dásamlega skrifuð ... heillandi.“

HRAFN JÖKULSSON, VIÐSKIPTABLAÐIÐ

„... mögnuð bók ... mun lifa með mér. Dásamleg, mikilvæg og ógleymanleg saga.“

UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR

„Unnendur Vigdísar mega ekki láta þessa bók fram hjá sér fara. Sú besta að mínu mati.“

HEIÐA ÞÓRÐAR, SPEGILL.IS



## „TÖFRANDI BÓK.“

INGVELDUR GEIRSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ





Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

## VÍSIR

Meiri Vísir.

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Björk til Evrópu

Björk Guðmundsdóttir ætlar að ferðast um Evrópu næsta sumar með Biophilia-tónleikana sína og hefur þegar boðað komu sína á fimm tónlistarhátíðir. Í júní spilar hún á Spáni og í Portúgal og í júlí heiðrar hún pólska og rússneska aðdáendur sína með nærveru sinni. Björk hélt níu Biophilia-tónleika hér á landi í haust sem fengu mjög góðar viðtökur. Áður hafði hún frumflutt þetta margmiðlunarverk sitt á menningaráhátíðinni í Manchester í júlí.



#### Hurt hrósar Elfari

Breski stórnleikarinn John Hurt hrósar íslenska leikstjóranum Elfari Aðalsteinssyni fyrir samstarfið við stuttmyndina Sailcloth í viðtali sem birtist á afþreyingarvef BBC. Myndin hefur vakið mikla athygli, ekki síst fyrir þá staðreynd að nánast ekkert er talað í henni og Hurt, sem af mörgum er talinn hafa eina sterkustu rödd Breta, fær ekki að segja eina einustu setningu. Hurt ræddi við blaðamann BBC ásamt Elfari sem rekur framleiðslufyrirtækið Berserkir í Bretlandi.



- fb, fgg

#### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Bjarni var klökkur – „Ég er óendanlega þakklátur“
- 2 Yfir 200 ungmenni vilja fermast borgaralega – gríðarleg aukning
- 3 Grunaður stútur velti bíl – farþegi kastaðist út
- 4 Meintur skotmaður í gæsluvarðhald

**Office1**  
Fyrirtækjþjónusta  
**ÓDÝR**  
REKSTRARVARA  
Hringdu í fyrirtækjþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.  
**PÖNTUNARSÍMI 550 4111**  
Fyrirtækjþjónustan er opin 8 - 17  
pontun@office1.is  
www.office1.is

# PRENTUM JÓLAKORTIN TÍMANLEGA Í ÁR



**14.900 kr.**  
Verð áður 19.900 kr.  
**5.000 kr. AFSLÁTTUR!**

**HP Deskjet 3070A Fjölnotaprentari**

Prentaðu hvað sem er, hvaðan sem er. Fjölnotaprentari með WiFi tengingu. Ljósritar, skannar og prentar.

hp ePrint tækni AirPrint



**9.900 kr.**  
Verð áður 14.900 kr.  
**5.000 kr. AFSLÁTTUR!**

**HP Deskjet 2050 Fjölnotaprentari**

Góður og ódýr fjölnotaprentari. Ljósritar, skannar og prentar. Auðveldur í uppsetningu.

hp ePrint tækni AirPrint



**20% AFSLÁTTUR**

20% afsláttur af HP prenthylkjum.

hp - MEST SELDU PRENTARAR Í HEIMI\*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.



**19.900 kr.**  
Verð áður 24.900 kr.  
**5.000 kr. AFSLÁTTUR!**

**HP Photosmart 5510 Fjölnotaprentari**

Prentaðu hvað sem er, hvaðan sem er. Fjölnotaprentari með WiFi tengingu. Ljósritar, skannar og prentar.

hp ePrint tækni AirPrint

**OK**  
búðin

OK búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is